

Rit 1 - 2009

Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson

TALIS  
Staða og viðhorf kennara og skólastjórnenda

Teaching and Learning International Study

Alþjóðleg samanburðarrannsókn unnin í samvinnu  
við OECD fyrir menntamálaráðuneytið



# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	1
Tölur og myndir .....	3
<b>Kafli 1: Inngangur.....</b>	<b>5</b>
Hvaðan kemur TALIS? .....	6
Aðferð rannsóknarinnar .....	7
<b>Kafli 2: Þátttakendur og eiginleikar þeirra .....</b>	<b>9</b>
Aldur og kyn kennara.....	9
Starfshlufall .....	9
Kennari starfar í fleiri en einum skóla .....	10
Menntun kennara.....	10
Hvernig deilast verkefni á skólavíkuna? .....	10
Lengd starfsferils við kennslu .....	10
Lengd starfsferils í núverandi skóla.....	11
<b>Kafli 3: Starfsþróun kennara.....</b>	<b>12</b>
Þátttaka í starfsþróunarverkefnum. ....	12
Starfsþróun vegna skyldu.....	14
Þátttaka kennara í kostnaði vegna starfsþróunar .....	14
Starfsþróun innan eða utan vinnutíma.....	15
Greiðsla yfirvinnu eða viðbótarlauna vegna starfsþróunarverkefna.....	15
Óformleg starfsþróun.....	15
Þörfin fyrir frekari starfsþróun.....	16
Löngun til þess að taka þátt í frekari starfsþróunarverkefnum .....	17
Hvað kom í veg fyrir að fleiri starfsþróunarverkefni væru stunduð? .....	17
<b>Kafli 4: Kennaramat og endurgjöf.....</b>	<b>19</b>
Hversu oft fá kennarar mat eða endurgjöf frá skólastjórum, öðru samstarfsfólki eða utanaðkomandi aðilum? .....	19
Hvaða þættir vega þungt í mati?.....	21
Áhrif mats eða endurgjafar á tiltekna þætti .....	23
Gildismat og tillögur að endurbótum: Hvað felst í matinu eða endurgjöfni?.....	25
Sanngjörn og gagnleg endurgjöf?.....	25
Áhrif mats eða endurgjafar á starfsánægju og starfsöryggi .....	25
Aðhvarfsgreining. Hvað skýrir mat kennarans á eigin getu (self-efficacy).....	25
Tilgangur og áhrif matsins í skólanum .....	26
<b>Kafli 5: Kennsluhættir, viðhorf og skoðanir .....</b>	<b>28</b>
Verkefni í dagsins önn.....	30
Afstaða kennara til ýmissa fullyrðinga um þá sjálfa og það sem gerist í skólanum.....	32
Fullyrðingar um skólastjórnann: Setning markmiða og afskipti af kennslu.....	33
<b>Kafli 6: Kennsla í tilteknum bekk og fagi .....</b>	<b>35</b>
Kennsla í tilteknum bekk og fagi .....	36
Vinnufriður .....	41
<b>Kafli 7. Skólastjórnendur.....</b>	<b>42</b>
Kynjaskipting, aldur og aðrir eiginleikar skólastjóra.....	42
Upplýsingar um skólann .....	43
Móðurmál nemenda og menntun foreldra.....	43
Inntaka nemenda í skólana. Hvaða þættir skipta máli? .....	44

Skólastjórnun.....	44
Hvernig skiptist vinnuvikan milli ólíkra tegunda verkefna?.....	46
Innra eða ytra mat skóla. Hversu oft? .....	46
Áhrif mats.....	47
Birting og opinber nýting mats.....	48
Mat kennara .....	48
Tíðni mats.....	48
Áhrif mats.....	49
Skólastjórar meta tilgang þess að meta starf kennara.....	50
Skýrsluskrif í framhaldi af mati. Hversu algeng er þau? .....	50
Ef starfi kennara er ábótavant.....	50
Aðföng skólans .....	51
Hegðun kennara og nemenda: Hefur hún hamlandi áhrif á námið í skólanum? .....	52
Skipting ábyrgðar á einstökum verkefnum í skólanum .....	52
Yfirlit yfir hvern aðila fyrir sig: .....	53
Viðhorf skólastjóra til ýmissa fullyrðinga um kennslu og nám.....	53
Formleg innsetning kennara og leiðsögn .....	54
<b>Kafli 8. Samantekt.....</b>	<b>56</b>
Starfsþróun .....	56
Mat og endurgjöf .....	57
Kennsluhættir.....	57
Nokkrar helstu niðurstöður-helstu áherslupunktur. ....	58
Lokaorð .....	60

## Tölur og myndir

Tafla 1.1.	Þátttakendur í TALIS.....	6
Tafla 2.1.	Aldur kennara: Hlutfallsleg skipting í aldursbil eftir námsstigi (unglingastig og yngsta- og miðstigi).....	9
Tafla 2.2.	Menntun kennara.....	10
Tafla 2.4.	Lengd kennsluferils.....	11
Tafla 2.5.	Lengd kennsluferils í núverandi skóla.....	11
Tafla 3.1.	Hlutfall kennara sem tók þátt í tiltekinni tegund starfsþróunarverkefna á unglíngastigi, yngsta- og miðstigi og í þátttökulöndum TALIS að meðaltali. Mat íslenskra kennara á áhrifum starfsþróunarverkefna á kennsluhæfni og staðalfrávik áhrifanna.....	12
Tafla 3.2.	Hlutfall kennara sem varið hefur ákveðnum fjölda daga í starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði.....	14
Tafla 3.3.	Hlutfalli kennara sem <i>borið hefur skylda</i> til þess að verja ákveðnum fjölda daga í starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði.....	14
Tafla 3.4.	Hlutfall kennara sem tók þátt í óformlegri starfsþróun á unglíngastigi, yngsta- og miðstigi og í þátttökulöndum TALIS.....	15
Tafla 3.5.	Hlutfall þátttakenda sem telur sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun á tilteknum sviðum.....	16
Tafla 3.6.	Hvað kom í veg fyrir að viðkomandi tæki þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Hlutfall þátttakenda sem nefna tiltekna ástæðu.....	17
Tafla 4.1.	Hversu oft fá kennarar mat eða endurgjöf frá skólastjórum, öðru samstarfsfólki eða utanaðkomandi aðilum?.....	19
Mynd 4.1.	Hlutfall kennara sem telja ekkert mat fara fram.....	20
Tafla 4.2.	Hlutfall kennara sem telja að tiltekin atriði hafi a) ekki verið skoðuð/veita ekki hvort þau voru skoðuð, b) skipt litlu eða nokkru máli, eða c) skipt miklu máli við mat/endurgjöf á starfi þeirra.....	21
Mynd 4.2.	Hlutfall kennara sem telja að einkunnir, nýsköpun og starfsþróun hafi áhrif á mat og endurgjöf varðandi störf þeirra sjálfra.....	22
Tafla 4.3.	Að hve miklu leyti hefur mat/endurgjöf leitt til breytinga á eftirfarandi sviðum?.....	23
Mynd 4.3.	Hlutfall kennara sem telja mat og endurgjöf hafa áhrif. Löndum raðað eftir áhrifum launa.....	24
Tafla 4.4.	Að hve miklu leyti hefur mat/endurgjöf breytt eftirfarandi atriðum í störfum kennarans.....	24
Tafla 4.5.	Vægi marktækra þátta (hallatölur).....	26
Tafla 5.1.	Hlutfall þátttakenda sem er mjög sammála fullyrðingum um kennslu og nám á unglíngastigi og yngsta- og miðstigi. Meðaltöl og staðalfrávik.....	28
Mynd 5.1.	Afstaða til mismunandi kennsluhátta/nálgana í öllum TALIS löndum.....	30
Tafla 5.2.	Tíðni ýmissa verka, sem kennarar sinna í starfi sínu.....	31
Tafla 5.3.	Afstaða kennara til ýmissa fullyrðinga um þá sjálfa og það sem gerist í skólanum. Meðaltöl og staðalfrávik.....	32
Tafla 5.4.	Hlutfall þátttakenda sem telur að tiltekin verkefni hafi verið unnin frekar oft eða mjög oft á yfirstandandi skólaári. Meðaltöl og staðalfrávik.....	34
Tafla 6.1.	Hlutfall kennara sem kennir hverja námsgrein a.m.k. 20% af kennslutíma sínum, eftir kyni, á unglíngastigi og á yngsta- og miðstigi.....	35
Tafla 6.2.	Hvaða námsgrein var verið að læra klukkan 11 á þriðjudegi.....	37
Tafla 6.3.	Geta nemenda í hópnum í samanburði við nemendur í skólanum og nemendur almennt.....	37
Tafla 6.4.	Menntun foreldra og uppruni nemenda: Hlutfall nemenda í hópnum með annað móðurmál en íslensku, annað foreldri (a.m.k.) sem lokið hefur framhaldsskóla og nemenda sem eiga a.m.k. annað foreldri/forráðaaðila sem lokið hefur háskóalprófi.....	38
Tafla 6.5.	Hvernig nýtist tíminn í hverri kennslustund með bekknum/hópnum? Skipting milli stjórnunar, aga og eiginlegrar kennslu.....	39
Tafla 6.6.	Hvaða kennsluáðferðum beittu kennarar með þriðjudagshópnum? Unglíngastig og yngsta- og miðstigi.....	40
Tafla 6.7.	Vinnuandi og vinnufriður í kennslustundum.....	41
Tafla 7.1.	Aldur skólastjóra.....	42
Tafla 7.2.	Menntun skólastjóra.....	42
Tafla 7.4.	Reynsla skólastjóra af grunnskólakennslu.....	43

Tafla 7.5. Skipting mannafla í skólum landsins: Fjöldi a) kennara, b) aðstoðarfólks við kennslu, c) skólastjórnaenda og skrifstofufólks.....	43
Tafla 7.6. Móðurmál nemenda og menntun foreldra (áætlað hlutfall með framhaldsskólapróf og/eða háskólapróf).....	43
Tafla 7.8. Stjórnun skólans. Hversu oft gera skólastjórar eftirfarandi atriði? .....	44
Tafla 7.9. Fullyrðingar um skólastarf.....	45
Tafla 7.10. Hvernig deilist tíminn milli ólíkra verkefna yfir skólaárið. ....	46
Tafla 7.11. Hversu oft vann skólinn sjálfsmatsskýrslu og/eða var metinn af utanðkomandi stofnun eða öðrum á undanförunum 5 árum.....	46
Tafla 7.12. Fullyrðingar um mat á skólastarfi. Hversu mikilvæga telja skólastjórar 17 þætti við sjálfsmat og utanaðkomandi mat á skólastarfi.....	47
Tafla 7.13. Áhrif mats á nokkra þætti í skólastarfi.....	47
Tafla 7.14. Tíðni mats ýmissa aðila á starfi kennara. ....	48
Tafla 7.15. Fullyrðingar um mat á kennara. Hversu mikilvæga telja skólastjórar 17 þætti vera við mat skólastjóra, samkennara og utanaðkomandi aðila á kennurum.....	49
Tafla 7.16. Hlutfall skólastjóra sem telur að tilgreinda þætti geti leitt af mati kennara. ....	49
Tafla 7.17. Mat á störfum kennara .....	50
Tafla 7.18. Hlutfall skólastjóra sem segir að skrifuð sé skýrsla, samhliða mati á kennara, af tilteknum aðilum. ....	50
Tafla 7.19. Hversu oft gerast tiltekin atriði, ef starfi kennara er óbótavant. ....	51
Tafla 7.20. Hlutfall skólastjóra sem telur að tiltekið atriði hindri kennslu í skólanum að einhverju leyti eða mikið. Meðaltöl og staðalfrávik. ....	51
Tafla 7.21. Hegðun nemenda og kennara: Mat skólastjóra á áhrif neikvæðra þátta á nám í skólanum. ....	52
Tafla 7.22. Hlutfall skólastjóra sem telur að viðkomandi aðilar beri “umtalsverða ábyrgð” á tilteknum verkefnum. ....	52
Tafla 7.23. Viðhorf skólastjóra .....	54

## Kafli 1: Inngangur

TALIS rannsóknin (Teaching And Learning International Survey) er rannsókn á vegum Efnahags og framfarastofnunarinnar (OECD) sem hefur verið nokkur ár í undirbúningi í samvinnu þeirra þjóða sem tóku þátt. Rannsókninni er ætlað að fylla upp í þá mynd af skólakerfum landanna, sem þegar hefur fengist úr öðrum alþjóðlegum rannsóknum svo sem PISA, með því að afla gagna frá kennurum og skólastjórnendum um störf þeirra, vinnuumhverfi og aðstæður. Rannsóknin beinir sjónum að kennurum og skólastjórnendum á unglingsstigi, (ISCED-2) en á Íslandi var ákveðið að hún myndi einnig fjalla um kennara á grunn og miðstigi (ISCED-1).

Megináherslur rannsóknarinnar eru á:

- Mat á störfum kennara og þá endurgjöf er þeir fá.
- Starfsþróun kennara.
- Viðhorf og skoðanir kennara til eigin kennslu.
- Hlutverk og starfshætti skólastjórnenda.

Því má segja að TALIS sé ætlað að gera þátttökulöndunum kleyft að skoða á gagnrýnin hátt hvernig skólamálum er hagað í hverju landi.

TALIS rannsóknin gerir ráð fyrir því að skólastjórnendur hafi mjög mikilvægu hlutverki að gegna í hverjum skóla og þurfi að fást við mismunandi aðstæður og kannar því hvernig þeim gengur að styðja kennara sína við lausn þeirra verkefna sem þeir þurfa að leysa. Starfsþróun skólastjórnenda og kennara skiptir verulega miklu máli þar sem samfélagið breytist hratt og þær þarfir sem skólinn þarf að uppfylla breytast einnig hratt. Því þarf að tryggja skilvirka endur- og símenntun kennara og TALIS leitast við að kanna hvernig þessum málum er háttað. Jafnframt kannar rannsóknin hvernig viðhorf og skoðanir kennara hafa áhrif á kennsluhætti og störf þeirra.

Það ber að leggja áherslu á að gögn TALIS rannsóknarinnar hafa þrjú einkenni sem skipta máli varðandi notkun þeirra og sem ber að hafa í huga við lestur þessarar skýrslu. Í fyrsta lagi er ljóst að svör kennara og skólastjórnenda eru auðvitað huglæg þ.e. upplifun þessara aðila á aðstæðum sínum og því er vel mögulegt að einhvers misræmis gæti á milli þess sem TALIS gefur til kynna og annarra tegunda upplýsinga um skólakerfið. Í öðru lagi ber að taka fram að jafnvel þótt TALIS gefi til kynna tengsl á milli ýmissa einkenna skóla og kennara, þá er rannsóknin ekki þess eðlis að hún gefi skýra mynd af orsökum og afleiðingum. Því ber að túlka gögnin af nærfærni og varúð. Í þriðja og síðasta lagi ber einnig að taka skýrt fram að við samanburð á milli landa verður ætíð að taka tillit til menningarlegs mismunar þar sem hann hefur oft á tíðum kröftug áhrif á merkingu þeirra niðurstaðna sem rannsóknin gefur af sér.

Mörg OECD lönd tóku þátt í undirbúningi rannsóknarinnar og var í þeirri vinnu reynt að koma til móts við sem flest sjónarmið þannig að niðurstöður rannsóknarinnar nýttust öllum þátttökulöndunum sem best. Ákvarðanir um innihald og nálganir að þeim viðfangsefnum sem ætlunin var að kanna voru teknar í sameiningu af öllum þátttökulöndunum og settir voru á stofn hópar sérfræðinga sem undirbyggju rannsóknina og settu fram tillögur að þeim aðferðum sem notaðar voru. Skipulag og framkvæmd rannsóknarinnar var í höndum

gagnavinnslustöðvar IEA (International Association for the Evaluation of Educational Achievement og undir yfirstjórn OECD.

Þátttökulöndin voru 24 og sjást þau í töflu 1.

**Tafla 1.1. Þátttakendur í TALIS**

OECD Lönd		Önnur lönd	
Ástralía	Írland	Pólland	Brasilía
Austurríki	Ítalía	Portúgal	Búlgaría
Belgía (flæmska)	Kórea	Spánn	Eistland
Danmörk	Mexíkó	Slóvakía	Litháen
Ungverjaland	Holland *	Tyrkland	Malta
Ísland	Noregur		Malaísía
			Slóvenía

\* Í Hollandi tókst ekki að ná lágmarkssvörum og því er Holland ekki í hinu endanlega gagnasafni.

## Hvaðan kemur TALIS?

Rekja má upphaf TALIS rannsóknarinnar til hins svokallaða INES verkefnis á vegum OECD, en tilgangur þess hefur verið síðustu 20 árin að þróa áreiðanleg viðmið og mæliaðferðir sem gagnast við samanburð menntakerfa. Hið þekkta rit ***Education at a Glance*** er gefið út á vegum þessa verkefnis.

Það hefur lengi verið ljóst að ekki hafa verið til staðar nægilega góðar upplýsingar um kennslu og kennara í INES verkefninu og því hafa OECD og þátttökulöndin lagt áherslu að að bæta úr því. PISA rannsóknin gefur góðar upplýsingar um frammistöðu nemenda og skólakerfanna í heild, en TALIS er ætlað að koma á framfæri sjónarmiðum kennara og kennslu og fylla þannig út í þá mynd sem fyrir liggur af skólakerfum OECD landanna. Rannsókninni er ætlað að:

- Skipta máli fyrir stefnumótun í menntamálum.
- Afla upplýsinga um stöðu þátttökulandanna og gera samanburð mögulegan.
- Afla upplýsinga sem nýtast sem viðmið (indicators) um stöðu og framþróun.
- Gefa niðurstöður sem eru áreiðanlegar og réttmætar og sambærilegar í öllum þátttökulöndunum.
- Gefa niðurstöður sem hafa merkingu og praktíska þýðingu fyrir löndin.
- Afla upplýsinga á ódýran og skilvirkan hátt.

Menntamálaráðuneytið á Íslandi tekur þátt í starfi INES og OECD að menntamálum og ákvað ráðuneytið að Ísland skyldi taka þátt í TALIS rannsókninni. Námsmatsstofnun var falin framkvæmd verksins og hefur stofnunin sinnt því síðan 2006 í samvinnu við ráðuneytið og ráðgjafanefnd verkefnisins sem skipuð var af ráðuneytinu. Í þeirri nefnd eiga sæti fulltrúar

kennara og skólastjórnenda, ásamt fulltrúum sveitarfélaga og menntamálaráðuneytis. Hefur ráðgjafanefndin fylgt málinu eftir og sérlega lagt Námsmatsstofnun lið á lokastigum úrvinnslunnar.

### Aðferð rannsóknarinnar

Ákveðið var að í fyrstu umferð rannsóknarinnar skyldi leggja áherslu á að rannsaka aðstæður og viðhorf kennara á efsta stigi grunnskólans, eða þá sem kenna á svokölluðu ISCED-2 stigi menntunar, samkvæmt hinni alþjóðlegu menntunarflokkun (**I**nternational **S**tandard **C**lassification of **E**ducation). Hugsunin var að kanna stöðu kennara þeirra nemenda sem PISA rannsóknin leggur áherslu á, en ekki er líklegt að framkvæmd verði tenging á milli PISA niðurstaðna og TALIS spurningalistanna. Einungis á Íslandi og í Mexíkó var úrtak kennara útvíkkað og hér á landi voru spurningalistarnir lagðir fyrir alla kennara grunnskólans. Grunnnið rannsóknarinnar var:

- Markhópur: Allir kennarar á ISCED stigi 2 og á Íslandi jafnframt ISCED 1 kennarar (yngsta- og miðstig).
- Úrtak: 200 skólar og 20 kennarar í hverjum skóla. Á Íslandi var rannsóknin framkvæmd á meðal allra kennara og í öllum skólum landsins. Svo stórt úrtak var nauðsynlegt til þess að hin íslensku gögn yrðu sambærileg þeim erlendu.
- Svörun: Reiknað var með að 75% skóla þyrftu að taka þátt og 75% allra kennara í hverjum skóla. Ef þátttaka skóla féll undir 50% voru gögn skólans í heild ekki notuð.
- Aðferð: Lagðir voru spurningalistar fyrir bæði skólastjórnendur og kennara sem hvor um sig tók um það bil 45 mínútur í svörun. Listunum mátti svara annað hvort á pappír eða rafrænt. Á Íslandi var einungis notuð rafræn könnun.

Svokölluð forprófun fór fram í öllum þátttökulöndunum árið 2007 og voru þá mismunandi gerðir spurningalista prófaðar, ásamt mismunandi aðferðum við söfnun upplýsinganna. Um var að ræða fullkomna fyrirlögn listanna og voru allar aðferðir og verkþættir prófaðir þannig fyrirfram.

Endanlegir spurningalistar voru svo lagðir fyrir rafrænt á Íslandi á tímabilinu mars til maí 2008 og sá Námsmatsstofnun um framkvæmd rannsóknarinnar hér á landi. Kennarar og skólastjórnendur gátu svarað spurningunum heima hjá sér eða á vinnustað og hægt var að svara í mörgum lotum ef svarandi kaus. Svarhlutfall á meðal kennara reyndist vera um 75%. Þegar svörun spurninganna var lokið fóru svörin beint í sameiginlegan gagnagrunn í Hamborg á vegum IEA. Að lokinni gagnahreinsun kom svo gagnagrunnurinn aftur til landsins síðasta vetur og gat þá hin innlenda úrvinnsla hafist.

Verkefnisstjóri var Ragnar F. Ólafsson, en um forprófun árið 2007 sá Arnheiður Árnadóttir. Jafnframt tók Námsmatsstofnun þátt í stjórn rannsóknarinnar með setu í svokallaðri stjórn hennar (Board of Participating Countries), þar sem ákvarðanir hafa verið teknar um innihald, nálganir og aðferðir og lagðar hafa verið línurnar um innihald skýrslna og framsetningu niðurstaðna.

Hinn endanlegi gagnagrunnur rannsóknarinnar með gögnum allra þátttökulandanna verður bráðlega gefinn út og verður aðgengilegur til frekari úrvinnslu í hverju landi. Jafnframt kemur



út í júní 2009 fyrsta alþjóðlega skýrslan um niðurstöður rannsóknarinnar, sem verður í upphafi gefin út rafrænt þann 16. júní, en mun koma út á pappír síðar á árinu 2009. Jafnframt er fyrirhuguð frekari úrvinnsla gagnanna hérlendis en þessi Íslenska skýrsla inniheldur frumniðurstöður rannsóknarinnar.

Í þessari skýrslu er lögð megináhersla á svör kennara, þó minnst sé jafnframt á niðurstöður skólastjórnenda, en ætlunin er að gera þeim frekari skil síðar. Taka ber fram að sú skipting á milli unglिंगastigs og yngsta- og miðstigs sem notuð er í rannsókninni var þannig gerð að ef kennari kenndi á unglिंगastigi og á yngsta- og miðstigi flokkaðist hann með unglिंगastigi í úrvinnslu rannsóknarinnar. Þeir kennarar sem ekkert kenndu á unglिंगastiginu féllu því í yngra- og miðstigshópinn.

Skýrslan er þannig byggð upp að í upphafi er grunngögnum lýst og farið yfir eiginleika kennarahópsins. Greint er á milli kennara unglिंगastigsins og annarra ásamt því að draga fram alþjóðlegan samanburð þar sem ástæða þykir til. Í hverjum kafla skýrslunnar eru helstu niðurstöður settar fram í sérstökum skyggðum reitum og niðurstöður hins alþjóðlega samanburðar undirstrikaðar þar sem ástæða þykir til. Í lok skýrslunnar eru helstu niðurstöður dregnar saman.

## Kaflí 2: Þátttakendur og eiginleikar þeirra

### Aldur og kyn kennara


Kannað var hvernig kynjaskiptingin væri meðal kennara á báðum skólastigum þ.e. á yngri stigum (ISCED-1) og á unglíngastigi (ISCED-2). Konur voru 90,6 % kennara og karlar aðeins 9,4% kennara á yngsta- og miðstigi en 69% konur og 31% karlar á unglíngastigi. Hlutfall kvenna í þátttökulöndum TALIS er 69,3%, nánast hið sama og á unglíngastigi á Íslandi.

Aldur kennara reyndist vera frekar jafn á báðum skólastigum, en tiltölulega fáir kennarar voru í yngstu aldurshópnum.

**Tafla 2.1. Aldur kennara: Hlutfallsleg skipting í aldursbil eftir námsstigi (unglíngastig og yngsta- og miðstigi).**

	Unglíngastig	Yngsta- og miðstigi	TALIS
Yngri en 25 ára	2,7	2,5	3,0
25-29 ára	10,7	8,9	12,1
30-39 ára	26,1	28,6	28,0
40-49 ára	31,4	31,0	29,6
50-59 ára	22,9	23,3	23,5
60+ ára	6,2	5,7	3,3

Fjölmenntasi aldursflokkurinn var 40-49 ára með tæpan þriðjung kennara á báðum aldurstigum. Aldur kennara er mjög áþekktur á báðum stigum eins og mynd 1. sýnir glögglega.



**Mynd 1. Hlutföll í aldurshópum á báðum skólastigum**

### Starfshlufall

Kannað var hvernig starfshlutfalli kennara væri háttað. Kennslan er fullt starf hjá 81% kennara, 14,9% eru í hálfu til 90% starfi, en aðeins 4% í minna en hálfu starfi við kennslu. Samsvarandi tölur fyrir yngsta- og miðstigi eru 82%, 16% og 2%.

## Kennari starfar í fleiri en einum skóla

Aðeins 2.8% kennara á unglíngastigi og 3,1% kennara á yngsta- og miðstigi starfa í fleiri en einum skóla, en 97.2% og 96,9 % starfa aðeins í einum skóla. Af þeim 38 kennurum, sem starfa í fleiri en einum skóla á yngsta og miðstigi, starfa 2/3 (65,8%) í einum viðbótarskóla. Þrír starfa í 5 skólum.

## Menntun kennara

Tæplega 88% kennara á unglíngastigi og 92% kennara á yngsta- og miðstigi fullnægja skilyrðum um nauðsynlega menntun til kennslu á grunnskólastigi. Um 12% kennara á unglíngastigi eru því ekki með tilskilda menntun. Hér virðist hafa orðið nokkur viðsnúningur í skólakerfinu þar sem ekki eru mjög mörg ár síðan menntunarstig kennara unglíngaskólans var talsvert hærra en barnaskólakennara.

**Tafla 2.2. Menntun kennara**

Hæsta prófgráða	Unglíngastig	Yngsta- og miðstig
Lægri en háskólagráða	12,1	8,3
Kennararéttindanáms	20,9	18,8
BA-, BS- eða B.Ed.-gráða	60,6	69,1
Meistaragráða	6,2	3,7
Doktorsgráða	0,1	0,1

## Hvernig deilast verkefni á skólavíkuna?

Kennarar voru beðnir um að sundurliða dæmigerða skólavíku og tilgreina hversu miklum tíma væri varið til fjögurra verkþátta: Kennslu, skipulags eða undirbúnings kennslu, stjórnunarstarfa og loks annarra þátta. Ekki var gerður greinarmunur á því hvort störfin voru unnin heima eða í skólanum sjálfum. Niðurstöður má sjá í töflu 2.3.

**Tafla 2.3. Deiling verkefna á tíma.**

	Unglíngastig		Yngsta- og miðstig	
Verkþáttur	Meðal-klukkustundafjöldi	Staðal-frávik	Meðal-klukkustundafjöldi	Staðal-frávik
Kennsla nemenda í skólanum	21,34	8,1	21,7	7,5
Skipulag eða undirbúningur kennslu	11,68	6,6	12,6	6,4
Stjórnunarstörf	4,71	9,0	3,24	7,1
Annað	3,49	4,7	3,17	4,4

Samtals er vinnuvíka kennara því 41,22 klukkustundir á unglíngastigi og tæplega 40,7 klukkustundir á yngsta- og miðstigi og fer rúmlega helmingur til beinnar kennslu, en tæplega þriðjungur í undirbúning. Stjórnunarstörf koma mjög lítið við sögu á þessum skólastigum.

## Lengd starfsferils við kennslu

Spurt var hversu lengi þátttakendur hefðu unnið sem kennarar. Svörin dreifðust eins og tafla 2.4 sýnir:

**Tafla 2.4. Lengd kennsluferils.**

		Minna en eitt ár	1-2 ár	3-5 ár	6-10 ár	11-15 ár	16-20 ár	Meira en 20 ár
Unglingastig	Hlutfall (%)	9,0	7,6	16,2	19,5	14,2	10,6	22,9
	Leiðrétt hlutfall *	9,0	3,8	5,4	3,9	2,8	2,1	-
Yngsta- og miðstig	Hlutfall (%)	10,3	9,3	14,1	20,8	13,3	9,3	23,0
	Leiðrétt hlutfall *	10,3	4,7	4,7	4,2	2,7	1,9	-

\* Leiðrétt er fyrir spönn hvers svarmöguleika (leiðrétt hlutfall = hlutfall/spönn).

Algengast er að kennarar hafi starfað í 6-10 ár. En hafa ber í huga að árafjöldinn í svarmöguleikum er misjafnlega langur. Þess vegna þarf að leiðrétta prósentutöluna við hvern svarmöguleika með því að deila viðkomandi prósentuhlutfalli með spönninni í viðkomandi reit. Þá sést að hæsta hlutfallstala kennara hefur starfað í minna en eitt ár. Um 23% kennara hafa kennt í 20 ár eða lengur, en 52,3% á unglingastigi og 54,5% á yngsta- og miðstigi hafa starfað í 10 ár eða skemur.

Miðað við fjölda þeirra sem hafa kennt skemur en 1 ár, þá er eins og helmingsafföll verði á næstu tveimur árum þar á eftir. Fjöldi þeirra sem kennt hafa í 1-2 ár er helmingi minni, þegar leiðrétt hefur verið fyrir spönnina í svarmöguleikunum.

Hlutfall kennara sem starfað hafa á bilinu 1-2 ár er talsvert minna en búast mætti við, á grundvelli móðels sem gerði ráð fyrir því að sömu kraftar verkuðu á alla árgangahópa útskrifaðra kennara. Eðlilegt væri að gera ráð fyrir því að flestir kennarar hefðu starfað stutt, en síðan fækkaði í hópnum ár frá ári. Slíkt einfalt módel á greinilega ekki við hér, því hópurinn sem ætti að hafa kennt 1-2 ár er miklu minni en búast mætti við í samanburði við hópana á undan og á eftir. Það virðist því sem mikil grisjun eigi sér stað eftir fyrsta árið, en síðan haldist stéttinni vel á sínu fólki næstu fimm árin. Önnur túlkun fæli í sér að gera ráð fyrir að undir eðlilegum kringumstæðum yrði fækkunin í kennarahópi jöfn ár frá ári, nema eitthvað óeðlilegt eigi sér stað. Svo virðist sem eitthvað slíkt óeðlilegt fyrirbæri hafi átt sér stað, sem skýri mikið hrun í fjölda kennara eftir fyrsta árið.

### Lengd starfsferils í núverandi skóla

Tæp 15% kennara á unglingastigi og 18% á yngsta- og miðstigi hafa starfað skemur en eitt ár í núverandi skóla.

**Tafla 2.5. Lengd kennsluferils í núverandi skóla.**

Lengd starfsferils við kennslu		Minna en eitt ár	1-2 ár	3-5 ár	6-10 ár	11-15 ár	16-20 ár	Meira en 20 ár
Unglingastig	Hlutfall (%)	15,0	12,8	20,5	23,2	10,1	6,5	12,0
	Leiðrétt hlutfall *	15,0	6,4	6,8	4,6	2,0	1,3	-
Yngsta- og miðstig	Hlutfall (%)	17,8	13,9	20,4	22,2	9,6	5,4	10,7
	Leiðrétt hlutfall *	17,8	7,0	6,8	4,44	1,92	1,08	-

\* Leiðrétt er fyrir spönn hvers svarmöguleika (leiðrétt hlutfall = hlutfall/spönn).

## Kaflí 3: Starfsþróun kennara

Þátttaka í starfsþróunarverkefnum.

Mikilvægt er að fá gott yfirlit yfir það hvers konar starfsþróun á sér stað eftir að kennaranámi lýkur, en gera má ráð fyrir, að nauðsynlegt sé fyrir kennara að eiga þess kost að bæta hæfni sína og þekkingu eftir að formlegu kennaranámi lýkur. Eitt af mikilvægustu markmiðum TALIS rannsóknarinnar er að fá greinargóðar upplýsingar um þennan þátt í starfi kennara.

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu tekið þátt í tilteknum starfsþróunarverkefnum, sjö talsins, á síðustu 18 mánuðum. Einnig voru þátttakendur beðnir um að meta áhrif verkefnanna á hæfni þeirra til kennslu. Svörin fyrir allan kennarahópinn á unglíngastigi eru sýnd í töflu 3.1. Þar eru einnig samsvarandi tölur fyrir yngsta- og miðstígg og svo meðaltal í öðrum þátttökulöndum á hlutfalli kennara, sem tók þótt í hverju starfsþróunarverkefni.

**Tafla 3.1. Hlutfall kennara sem tók þátt í tiltekinni tegund starfsþróunarverkefna á unglíngastígg, yngsta- og miðstígg og í þátttökulöndum TALIS að meðaltali. Mat íslenskra kennara á áhrifum starfsþróunarverkefna á kennsluhæfni og staðalfrávik áhrifanna.**

Tegund starfsþróunarverkefnis	Hlutfall kennara sem tók þátt í slíku verkefni	Áhrif á kennsluhæfni (meðaltal)	Staðalfrávik	Yngsta- og miðstígg			Meðaltal TALIS
				Hlutfall	Áhrif	Staðalfrávik	
Námskeið/vinnustofa	72,1	3,03	0,66	76,7	3,14	0,58	81,2
Menntaráðstefnur eða málstofur	52,6	2,82	0,71	57,4	2,91	0,65	48,9
Réttindanámg	19,2	3,52	0,66	13,6	3,54	0,64	24,5
Vettvangsferðir í aðra skóla	60,7	2,97	0,70	63,5	3,14	0,62	27,6
Þátttaka í samstarfi kennara (innan skóla eða utan)	82,9	3,2	0,65	86,3	3,42	0,60	40,0
Rannsóknaverkefni um efni á faglegu áhugasviði þínu (ein(n) eða í samvinnu)	18,2	3,43	0,64	15,9	3,48	0,64	35,4
Veitti leiðsögn og/eða fylgdist með og þjálfaði starfsfélaga sem hluta af formlegu skólalastarfi	33,8	2,94	0,67	33,0	3,04	0,61	34,9

Ath: 1=engín áhrif; 2=lítill áhrif; 3=nokkur áhrif; 4=mikil áhrif

Langflestir hafa tekið þátt í *samstarfi kennara* eða *námskeiði/vinnustofu* en aðeins um fimmtungur hefur tekið þátt í *rannsóknarverkefni* eða bætt við sig *réttindanámg*, sem þó var talið hafa haft mest bætandi áhrif á kennsluhæfni þátttakanda.

Minnst áhrif voru eignuð *menntaráðstefnum*. Öll atriðin sjö, sem kennarar tóku afstöðu til, höfðu þó “nokkur áhrif” eða “mikil áhrif” að meðaltali.

Á yngsta- og miðstigi hafa fleiri kennarar tekið þátt í námskeiðum/vinnustofum, menntaráðstefnum eða málstofum og samstarfi kennara innan skóla eða utan. Á hinn bóginn hafa kennarar á unglíngastigi frekar tekið þátt í réttindanámi eða rannsóknaverkefni á faglegu áhugasviði þeirra.

*ÖNNUR LÖND: Ísland er frábrugðið TALIS meðaltalinu einkum hvað varðar vettvangsferðir í aðra skóla og þátttöku í samstarfi kennara innan skóla eða utan. Kennarar hér á landi taka mun meiri þátt í slíku en í TALIS löndum að meðaltali. Á hinn bóginn er réttindanám og rannsóknarverkefni um efni á faglegu áhugasviði kennarans nokkuð minna stundað af kennurum hér á landi en í öðrum löndum TALIS. Breytileiki er mikill milli landa í TALIS rannsókninni.*

Hlutfallslega fleiri konur höfðu sótt námskeið/vinnustofur, menntaráðstefnur eða málstofur og vettvangsferðir í aðra skóla. Ekki var munur á kynjunum varðandi rannsóknaverkefni eða réttindanám, þátttöku í samstarfi kennara, leiðsögn eða þjálfun starfsfélaga.

Fleiri konur á yngsta- og miðstigi sóttu námskeið/vinnustofur en karlar. Að öðru leyti var ekki kynjamunur í aðsókn að ólíkum tegundum starfsþróunarverkefna.

Í öllum tilfellum á unglíngastigi mátu konur áhrifin meiri af þessum starfsþróunarverkefnum en karlar gerðu, þó var sá munur ekki tölfræðilega marktækur varðandi áhrif *réttindanáms* og þess að *veita leiðsögn og þjálfu starfsfélaga*.

Konur á yngsta- og miðstigi mátu áhrifin af þessum þróunarverkefnum einnig meiri en karlar. Þetta á við um *námskeið/vinnustofur, réttindanám, þátttöku í samstarfi kennara og veitingu leiðsagnar eða þjálfun starfsfélaga*. Á öðrum sviðum var ekki kynjamunur í mati á áhrifum þátttöku í starfsþróunarverkefnum.

Í öllum tilfellum utan einu (réttindanám) höfðu yngri kennarar frekar tekið þátt í starfsþróunarverkefnum á síðastlinum 18 mánuðum en þeir eldri.

Yngsti aldurshópurinn hafði oftast tekið þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en eldri kennarar. Hann skar sig marktækt frá flestum öðrum aldurshópum varðandi *námskeið/vinnustofur, menntaráðstefnur, vettvangsferðir í aðra skóla, þátttöku í samstarfi kennara, rannsóknaverkefni og veitingu leiðsagnar og þjálfun starfsfélaga*.

Stytttri starfsaldur tengist þátttöku í fleiri starfsþróunarverkefnum á svipaðan hátt og aldur. Hið sama gildir um kennara á yngsta- og miðstigi.

Spurt var hve mörgum dögum hafði verið varið til þessara starfsþróunarverkefna. Kennarar vorðu að meðaltali 10,9 dögum til starfsþróunarverkefna af ýmsu tagi síðustu 18 mánuði. Miðgildi var 6 dagar, en tíðasta gildi 0 dagar. Samsvarandi gildi fyrir yngsta- og miðstig eru 11,98 (meðaltal), 8 (miðgildi) og 0 (tíðasta gildi). Hæsta gildi á unglíngastigi var 90 dagar. Flokkuð dreifing á fjölda starfsþróunardaga er sýnd í töflu 3.2.

**Tafla 3.2 Hlutfall kennara sem varið hefur ákveðnum fjölda daga í starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði.**

	0 dagar	1-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	Fleiri en 30 dagar.
Unglingastig	22,4%	24,3%	24,2%	9,3%	7,6%	1,9%	4,4%	5,9%
Yngsta- og miðstigi	17,3%	23,1%	16,1%	11,7%	8,5%	1,9%	5,5%	5,9%

Eins og sjá má af töflunni eru rúmlega 71% með 10 daga eða færri í starfsþróun, þar af rúmur fimmtungur með enga starfsþróunardaga.

Um 20% íslenskra grunnskólakennara stunda enga starfsþróun.

**ÖNNUR LÖND:** Rúmur fimmtungur kennara tók ekki þátt í neinu starfsþróunarverkefni á undanförunum 18 mánuðum á Íslandi. Í aðeins þremur löndum var þetta hlutfall óhagstæðara: Í Danmörku, Slóvakíu og Tyrklandi. Á Spáni höfðu allir kennarar tekið þátt í einhverju starfsþróunarverkefni. Að meðaltali taka um 89% kennara í TALIS-löndum þátt í a.m.k. einu starfsþróunarverkefni, en sú tala er um 77% hér á landi.

Konur á unglingsstigi vörðu að meðaltali 11,8 dögum í starfsþróun, en karlar 8,9 dögum, þ.e. um þriðjung fleiri starfsþróunardagar eru hjá konum. Á yngsta- og miðstigi eru konur með 12,2 starfsdaga að meðaltali en karlar með 10,2 daga. Kynjamunur er því svipaður á þessum skólastigum.

### Starfsþróun vegna skyldu

Kannað var hversu marga daga viðkomandi hefði *borið skylda* til þess að taka þátt í viðkomandi starfsþróun.

**Tafla 3.3 Hlutfalli kennara sem borið hefur skylda til þess að verja ákveðnum fjölda daga í starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði.**

	0 dagar	1-5	6-10	11-15	16-20	21-25	26-30	Fleiri en 30 dagar.
Unglingastig	24,9%	40,6%	21,0%	5,0%	4,7%	1,1%	0,7%	2,0%
Yngsta- og miðstigi	18,7%	40,5%	25,0%	6,8%	3,9%	0,9%	1,8%	2,4%

Um 86% kennara hefur borið skylda til þess að taka þátt í starfsþróun innan við 11 daga á síðastliðnum 18 mánuðum. Ekki var marktækur kynjamunur á fjölda skyldudaga við starfsþróun, en tilhneigingin var í sömu átt og að ofan, þ.e. að konur sæktu fleiri skyldudaga í starfsþróun en karlar.

### Þátttaka kennara í kostnaði vegna starfsþróunar

Kennarar voru spurðir hvað þeir hefðu sjálfir þurft að borga mikið fyrir starfsþróunarverkefni sem þeir tóku þátt í, ef nokkuð.

Aðeins 4,5% á unglingsstigi þurfti að borga þátttöku sína að fullu, en rúmur fjórðungur (28,1%) borgaði að hluta. Tveir þriðju hlutar (67,4%) greiddi ekkert. Kennarar á yngsta- og miðstigi þurftu sjaldnar að borga en kennarar á unglingsstigi, þótt ekki væri munurinn mikill. Á yngsta- og miðstigi borguðu 73% ekkert og aðeins 3,2% borguðu allt. Ekki er marktækur kynjamunur hér, hvorki á unglingsstigi né yngsta- og miðstigi.

## Starfsþróun innan eða utan vinnutíma

Af þeim sem tóku þátt í starfsþróunarverkefni var 57,2% úthlutað tíma til þess innan síns fasta vinnutíma, en 24,6% var ekki úthlutað tíma til þess innan fasts vinnutíma. Um 18% tóku svo þátt í verkefnum sem ekki áttu sér stað á hefðbundnum vinnutíma. Á yngsta- og miðstigi virðist starfsþróun fara fram á föstum vinnutíma í meira mæli en á unglिंगastigi, eða í 67,4% tilvika. Kynjamunur er ekki marktækur, hvorki á unglिंगastigi né yngsta- og miðstigi.

## Greiðsla yfirvinnu eða viðbótarlauna vegna starfsþróunarverkefna

Tæpir  $\frac{3}{4}$  hlutar kennara (72,3%) fengu ekki greidda yfirvinnu eða önnur viðbótarlaun vegna starfsþróunarverkefna sem þeir tóku þátt í *utan* hefðbundins vinnutíma, en 15,6% fengu slíkar greiðslur.

Kennarar á yngsta- og miðstigi fá nokkuð oft greitt fyrir þátttöku í starfsþróunarverkefnum utan vinnutíma, en sú var raunin í 18,5% tilvika. Tæp 67% fengu ekkert greitt fyrir slíka þátttöku.

## Óformleg starfsþróun

Starfsþróun er ekki einungis formleg og/eða á vegum skólans eða skólayfirvalda. Því var kannað hvort slíkt ætti sér stað og í hve miklum mæli.

**Tafla 3.4. Hlutfall kennara sem tók þátt í óformlegri starfsþróun á unglिंगastigi, yngsta- og miðstigi og í þátttökulöndum TALIS.**

Óformleg starfsþróun	Hlutfall kennara sem tók þátt í slíku		Áhrif á kennsluhæfni (meðaltal)		Staðalfrávik		TALIS:
	Unglिंगastig	Yngsta- og miðstig	Unglिंगastig	Yngsta- og miðstig	Unglिंगastig	Yngsta- og miðstig	
Lestur fræðirita	83,1%	81,1	3,08	3,07	0,58	0,57	77,7%
Óformleg skoðanaskipti við samkennara um hvernig bæta megi kennslu	95,1%	96,1	3,21	3,31	0,60	0,56	92,6%

Ath: 1=engin áhrif; 2=lítill áhrif; 3=nokkur áhrif; 4=mikil áhrif

Sem næst allir hafa tekið þátt í óformlegum skoðanaskiptum við samkennara um hvernig bæta megi kennslu. Þó eru rétt innan við 5% sem hafa ekki gert slíkt. Lestur fræðirita svo sem fagtímarita, vísindagreina og lokaritgerða hafa rúmlega 4/5 hlutar stundað. Hvort tveggja (óformleg skoðanaskipti og lestur fræðirita) telja kennarar að geti haft nokkur áhrif á hæfni þeirra sem kennara. Innan við 1% telur þetta tvennt hafa alls engin áhrif.

Konur hafa stundað þessa óformlegu starfsþróun (lestur fræðirita og skoðanaskipti um kennslu við samkennara) í lítið eitt meiri mæli en karlar. Munurinn var þó hvorki marktækur á unglिंगastigi né yngsta- og miðstigi.

**ÖNNUR LÖND:** *Lestur fræðirita og óformleg skoðanaskipti við samkennara um hvernig megi bæta kennslu eru nokkuð tíðari hér á landi en í öðrum TALIS löndum.*



## Pörfin fyrir frekari starfsþróun

Þátttakendur voru beðnir um að tilgreina hversu mikla þörf þeir teldu sig hafa fyrir frekari starfsþróun á tilteknum sviðum. Niðurstöður má sjá í töflu 3.5.

**Tafla 3.5. Hlutfall þátttakenda sem telur sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun á tilteknum sviðum.**

Svið frekari starfsþróunar	Hlutfall sem tilgreinir frekar mikla eða mjög mikla þörf	
	Unglingastig	Yngsta- og miðstig
Staðlar eða viðmið varðandi innihald og frammistöðu í aðalkennslugrein	54,9%	53,6%
Námsmatsaðferðir	65,2%	74,7%
Bekkjarstjórnun	45,0%	50,0%
Þekking og skilningur á aðalkennslugrein	45,4%	44,1%
Þekking og skilningur á kennslufræði (miðlun þekkingar) í aðalkennslugrein	47,4%	48,0%
Færni í upplýsingatækni við kennslu	58,6%	68,2%
Kennsla nemenda með sértækar námsþarfir	75,6%	82,9%
Aga- og hegðunarvandamál nemenda	59,0%	67,8%
Rekstur skóla og stjórnun	22,4%	22,4%
Kennsla í fjölmenningsarumhverfi	55,1%	61,6%
Nemendaráðgjöf	52,1%	55,8%

Flestir telja sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun varðandi *kennslu nemenda með sértækar námsþarfir*, því næst *námsmatsaðferðir* og *aga- og hegðunarvandamál*. Áhugavert er að sjá að á öllum sviðum nema einu (*skólarekstri og stjórnun*) telur rétt tæpur helmingur kennara sig hafa frekar mikla eða mjög mikla þörf fyrir frekari starfsþróun.

Kennarar á yngsta- og miðstigi telja sig á flestum sviðum hafa meiri þörf fyrir frekari starfsþróun í samanburði við kennara á unglingsstigi.

Konur telja sig í flestum tilfellum hafa þörf fyrir frekari þjálfun í fleiri atriðum en karlar. Þær vilja meiri starfsþróun á sviði *staðla eða viðmiða varðandi innihald og frammistöðu í aðalkennslugrein*, um *námsmatsaðferðir*, *bekkjarstjórnun*, *aga- og hegðunarvandamál nemenda*, *kennslu í fjölmenningsarumhverfi* og *kennslu nemenda með sértækar námsþarfir*, í *nemendaráðgjöf* og *færni í upplýsingatækni við kennslu*.

Ekki er munur á kynjunum varðandi mat þeirra á *þekkingu og skilningi á aðalkennslugrein* eða *þekkingu og skilningi í kennslufræði* í aðalkennslugrein.

Einnig er áhugavert, að kynjamunurinn, sem annars er gegnumgangandi, kemur ekki fram varðandi þörfina á frekari starfsþróun um *rekstur skóla og stjórnun*.

Konur á yngsta- og miðstigi telja sig, líkt og kynsystur þeirra á unglingsstigi, hafa meiri þörf en karlar fyrir frekari starfsþróun af ýmsu tagi. Hér er marktækur munur varðandi *námsmatsaðferðir*, *sértækar námsþarfir* og *upplýsingatækni*. Eina tegund starfsþróunar, sem karlar telja sig hafa meiri þörf fyrir en konur er á sviði *rekstrar skóla og stjórnunar*.

## Löngun til þess að taka þátt í frekari starfsþróunarverkefnum

Rúmur þriðjungur (37,4%) þátttakenda á unglíngastigi sagðist hafa löngun til þess að taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en þeir gerðu síðastliðna 18 mánuði, en 62,6% svaraði neitandi. Á yngsta- og miðstigi langar 40.6% kennara að taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum.

Fleiri konur (40%) á unglíngastigi hefðu viljað taka þátt í frekari starfsþróunarverkefnum en karlar (31,5%).

ÖNNUR LÖND: Áhugi hér á landi fyrir starfsþróun til viðbótar þeirri sem kennarar segjast hafa fengið á undanförunum 18 mánuðum er með minnsta móti í samanburði við önnur þátttökuríki. Aðeins í Slóveníu og Belgíu taldi minna hlutfall sig vilja meira starfsþróun.

## Hvað kom í veg fyrir að fleiri starfsþróunarverkefni væru stunduð?

Sá hópur þátttakenda, sem svaraði játandi spurningu um hvort þeir hefðu viljað taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum en þeir gerðu, var beðinn um að tilgreina ástæður þess að ekkert varð úr þeirri starfsþróun, sem hugur þeirra stóð til.

Spurt var hvað hefði komið í veg fyrir að viðkomandi tæki þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Uppgefnar ástæður eru sýndar í töflu 3.6.

**Tafla 3.6 Hvað kom í veg fyrir að viðkomandi tæki þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum. Hlutfall þátttakenda sem nefna tiltekna ástæðu.**

Ástæður	Hlutfall		
	Unglíngastig	Yngsta- og miðstig	TALIS
Ég stóðst ekki forkröfurnar (t.d. hæfniskröfur, reynsla, starfsaldur)	1,7%	1,8%	7,1%
Þjálfunin var of dýr/ég hafði ekki efni á henni	19,1%	23,9%	28,4%
Fékk ekki stuðning frá vinnuveitanda mínum	6,7%	6,5%	15,0%
Þjálfunin rakst á vinnutíma minn	42,4%	43,3%	46,7%
Ég hafði ekki tíma vegna þess að ég þurfti að sinna fjölskyldu	36%	37,3%	30,1%
Engin þjálfun í boði sem hentaði mér	47,2%	38,4%	42,3%
Annað	15%	15,6%	

Tæpur helmingur nefnir sem ástæðu, að engin þjálfun sem hentaði, hafi verið í boði. Einnig er algengt að þjálfunin sem hugur stendur til *rekist á vinnutíma*. Um fimmtingur *hafði ekki efni á þjálfuninni*. Fáir (en þó tæp 7%) kvarta yfir skorti á *stuðningi frá vinnuveitanda*. Fjölskyldukvaðir hefta rúman þriðjung.

Ástæður kennara á yngsta- og miðstigi fyrir því að þeir gátu ekki tekið þátt í verkefnum af þessu tagi eru þær að þeir höfðu sjaldnar efni á því, en þeir kvarta minna undan því að engin þjálfun hafi hentað þeim.

Kynjamunur kemur aðeins fram á óskilgreindu ástæðunni, þ.e. *annað*, en fleiri konur merkja við þann svarmöguleika.

ÖNNUR LÖND: Í samanburði við önnur TALIS-lönd er sjaldgæft hér á landi að kennarar telji sig ekki standast forkröfur sem gerðar eru til þátttöku í starfsþróunarverkefni og að þeir fái ekki nægjanlegan stuðning til þess frá vinnuveitanda. Sömu sögu er að segja af kostnaði við slík verkefni. Kennarar nefna hann síður en starfsfélagar þeirra í öðrum þáttökulöndum. Hins vegar kvarta fleiri yfir því hér á landi að engin þjálfun sem hentaði hafi verið í boði og að ekki hafi verið tími til þess að stunda starfsþróunarverkefni vegna þess að viðkomandi hafi þurft að sinna fjölskyldu sinni.

## Kafla 4: Kennaramat og endurgjöf

Í sérstökum kafla í spurningalistanum var spurt um mat sem fer fram á starfi kennarans og endurgjöf sem hann hefur fengið.

Hugtökin **mat** og **endurgjöf** voru skilgreind nánar í spurningalistanum:

Hugtakið **mat** var notað þegar starf kennara er metið, af skólastjóra, utanaðkomandi eftirlitsmanni eða samstarfsfólki kennarans. Mat getur verið formleg og hlutlæg skoðun, t.d. sem hluti af formlegu frammistöðumati með ákveðnum aðferðum og viðmiðum, eða óformlegri huglægari nálgun, t.d. óformlegar viðræður við kennarann.

Hugtakið **endurgjöf** var í könnuninni notað um það þegar kennara er greint frá niðurstöðum mats á starfi hans, hvort sem það er formlegt eða óformlegt, oft í þeim tilgangi að vekja athygli á góðri frammistöðu eða benda á möguleika til þróunar. Endurgjöfin getur verið formleg, t.d. í formi skýrslu, eða óformleg, t.d. samtal við kennarann.

Hversu oft fá kennarar mat eða endurgjöf frá skólastjórum, öðru samstarfsfólki eða utanaðkomandi aðilum?

Spurt var hversu oft kennarar fengu mat og/eða endurgjöf frá skólastjórum, öðru samstarfsfólki í skólanum og loks utanaðkomandi aðila eða stofnun, t.d. eftirlitsmanni. Þátttakendur fengu 8 svarmöguleika, sem endurspegluðu tíðnina, frá 1=aldrei og upp í 8=oftar en einu sinni í mánuði. Niðurstöður eru sýndar í töflu 4.1.

**Tafla 4.1 Hversu oft fá kennarar mat eða endurgjöf frá skólastjórum, öðru samstarfsfólki eða utanaðkomandi aðilum?**

	Unglingastig		Yngsta- og miðstig	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Skólastjóri	4,10	2,2	4,20	2,2
Annað samstarfsfólk í skólanum	4,40	2,7	4,93	2,6
Utanaðkomandi aðili eða stofnun, t.d. eftirlitsmaður	2,11	2,0	2,14	2,0

1=aldrei; 2=sjaldnar en einu sinni á tveggja ára fresti; 3=einu sinni á tveggja ára fresti; 4=einu sinni á ári;

5=tvisvar á ári; 6=þrisvar eða oftár á ári; 7=einu sinni í mánuði; 8=oftar en einu sinni í mánuði

Að meðaltali fá kennarar mat/endurgjöf frá skólastjóra um einu sinni á ári, frá öðru samstarfsfólki 1-2 skipti á ári og frá utanaðkomandi aðila eða stofnun sjaldnar en einu sinni á tveggja ára fresti. Samkvæmt staðalfrávikum er mikill breytileiki greinilegur milli kennara hvað varðar endurgjöf og mat.


Kennarar á yngsta- og miðstigi fá endurgjöf frá öðru samstarfsfólki í skólanum lítið eitt oftár en kennarar á unglingastigi.

Á unglingastigi fá rétt tæplega 70% kennara fá aldrei mat/endurgjöf frá *utanaðkomandi aðila*, og um 30% frá aldrei mat frá skólastjóra og um 23% frá aldrei mat frá samstarfsfólki.

Annars er algengast að fá mat/endurgjöf frá skólastjóra einu sinni á ári (22%) og frá öðru samstarfsfólki í skólanum 3 sinnum eða oftar á ári, en þó sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þessar tölur eru mjög áþekkar fyrir yngsta- og miðstigið, nema hvað færri fá aldrei mat frá skólastjóra á yngsta- og miðstigi, eða um 21% (30% á unglíngastigi).

Kynjamunur var marktækur á unglíngastigi varðandi mat *annars samstarfsfólks*. Meðaltal kvenna var 4,5 (1-2 á ári; staðalfrávik=2,7) en meðaltal karla var 4,1 (um 1 sinni á ári; staðalfrávik=2,7). Ekki var marktækur kynjamunur á mati/endurgjöf frá skólastjórum eða utanaðkomandi aðilum. Enginn marktækur munur var milli kynja á yngsta- og miðstigi.

ÖNNUR LÖND: Hlutfall kennara á unglíngastigi, sem er aldrei metið af skólastjóra eða samkennurum er mjög svipað meðaltali TALIS. Hinsvegar er hlutfall kennara á unglíngastigi sem fær aldrei mat frá utanaðkomandi aðila mun hærra hér á landi en í öðrum löndum TALIS. Meðaltal TALIS er um 51%, en um 70% á Íslandi. Staðan er svipuð eða verri í Danmörku og Noregi, Portúgal, Ástralíu og Ítalíu.



Mynd 4.1. Hlutfall kennara sem telja ekkert mat fara fram.

Á mynd 4.1 má sjá hlutfall kennara í hverju landi sem fékk *ekki* mat eða endurgjöf í skólanum og hlutfall kennara, sem starfaði í skóla sem var *ekki* metinn á undanföllum fimm árum. Eins og sjá má er þetta hlutfall frekar hátt hvað varðar mat á kennurum á Íslandi, en mjög lágt hlutfall skóla var *ekki* metið. Taka ber fram að í grunnskólalögum er öllum skólum skylt að framkvæma mat á starfi skólans og því bendir framangreind niðurstaða til þess að kennarar viti oft á tíðum *ekki* af þessu mati.

## Hvaða þættir vega þungt í mati?

Þátttakendur voru beðnir um að meta vægi margvíslegra þátta í mati eða endurgjöf á starfi þeirra. Hlutfall kennara á unglingastigi og yngsta- og miðstigi, sem telja að tiltekið atriði hafi verið skoðað í mati/endurgjöf og hafi skipt miklu máli er sýnt í töflu 4.2. Einnig er sýnt hlutfall þeirra sem vita ekki hvort tiltekið atriði var skoðað eða vita að það var ekki skoðað. Mitt á milli er hlutfall þeirra sem telur að viðkomandi atriði hafi verið skoðað en það skipti litlu máli eða nokkru máli við matið/endurgjöfina. Loks eru meðaltöl og staðalfrávik á þessum fullyrðingum sýnd.

**Tafla 4.2 Hlutfall kennara sem telja að tiltekin atriði hafi a) ekki verið skoðuð/veita ekki hvort þau voru skoðuð, b) skipt litlu eða nokkru máli, eða c) skipt miklu máli við mat/endurgjöf á starfi þeirra.**


	Unglingastig					Yngsta- og miðstig				
	Ekki skoðað eða veit ekki	Skipti litlu eða nokkru	Skipti miklu	M	sf	Ekki skoðað eða veit ekki	Skipti litlu eða nokkru	Skipti miklu	M	sf
Einkunnir nemenda á prófum	55,8	38,3	5,9	2,4	1,3	57,3	36,6	6,0	2,4	1,3
Hlutfall nemenda sem stóðst prófkröfur	56,2	38,3	5,5	2,4	1,3	63,2	22,1	4,7	2,3	1,3
Aðrir mælikvarðar á frammistöðu nema	52,5	37,4	10,1	2,6	1,4	50,6	38,6	10,8	2,6	1,5
Viðbrögð nemenda við kennslu minni	31,4	42,6	26	3,3	1,5	36,6	37,1	26,2	3,2	1,6
Viðbrögð frá foreldrum	36,2	44,9	18,9	3,1	1,5	30,9	41,1	28,0	3,4	1,5
Hve vel ég vinn með skólastjóranum og samstarfsfólki	33,6	43,1	23,3	3,3	1,5	31,9	39,9	28,3	3,4	1,5
Beint mat á bekkjarkennslu minni	62,7	29	8,3	2,4	1,4	52,9	33,2	14,2	2,7	1,5
Nýbreytni í kennsluháttum	50,7	35,8	13,5	2,7	1,5	44,5	38,0	17,5	3,0	1,5
Gott samband við nemendur	25,2	41,8	33	3,6	1,5	25,3	35,3	39,5	3,7	1,5
Starfsþróunarverkefni sem ég hef tekið þátt í	53,6	37,6	8,8	2,5	1,4	50,4	36,2	13,3	2,7	1,5
Stjórnun í kennslustofunni	44,6	36,5	18,9	3,0	1,5	37,8	34,1	28,1	3,3	1,6
Þekking og skilningur á aðalkennslusviði mínu	44,9	33,2	21,9	3,0	1,6	50,3	30,0	19,8	2,8	1,6
Þekking og skilningur á kennsluáferðum	50	32,8	17,2	2,8	1,5	53,3	29,5	17,2	2,7	1,5
Kennsla nemenda með sérþarfir í námi	56,8	31,6	11,6	2,5	1,4	49,0	34,3	16,8	2,8	1,5
Agi og regla í kennslustofu	38,7	42,8	18,5	3,1	1,5	33,9	39,2	26,9	3,3	1,5
Kennsla í fjölmenningsrumhverfi	74,9	20,4	4,7	2,1	1,1	75,2	19,0	5,8	2,1	1,2
Frístundavinna með nemendum	75,6	19,9	4,5	2,1	1,2	80,2	15,3	4,6	2,0	1,1
Annað	90,8	5,7	3,5	1,6	1,0	92,3	4,0	3,7	1,6	1,0

1=veit ekki hvort var skoðað; 2=ekki skoðað; 3=skoðað en skipti litlu máli; 4=Skóðað og skipti nokkru máli; 5=skoðað og skipti miklu máli

Skóðun á töflunni að ofan leiðir í ljós, að við mat á störfum kennara skiptir árangur nemenda minna máli en viðbrögð þeirra sjálfra og annarra við kennslunni. *Gott samband við nemendur og viðbrögð nemenda við kennslunni* skipta greinilega mestu máli, en einnig hvernig kennarinn *vinnur með skólastjóranum og samstarfsfólki* og *viðbrögð foreldra*. *Þekking og*

skilningur á aðalkennsluviði skiptir litlu máli, ásamt aga og reglu í kennslustofu og stjórnun í kennslustofu. Einkunnir nemenda, hlutfall nemenda sem stenst próf eða aðrir mælikvarðar á frammistöðu skipta greinilega minna máli. Á heildina litið virðist stór hluti þessara atriða ekki koma inn í mat/endurgjöf á starfi kennara að neinu verulegu leyti.

Samanburður við yngsta- og miðstigið leiðir í ljós að einkunnir og árangur nemenda skipta álíka litlu máli við mat og endurgjöf til kennara á yngsta- og miðstigi og þau gera á unglिंगastigi. Agi- og regla, ásamt stjórnun í kennslustofunni skipta meira máli á yngsta- og miðstigi, en einnig þættir er lúta að sambandi við nemendur, foreldra og aðra kennara/skólástjóra. Þessi atriði skipta meira máli á yngsta og miðstigi en á unglिंगastigi. Nýbreytni í kennsluháttum skiptir einnig meira máli á yngsta- og miðstigi. Á báðum skólastigum skiptir kennsla í fjölmenningsarumhverfi og frístundavinna með nemendum sjaldan máli við mat eða endurgjöf á starfi kennarans, en þó oftár á yngsta- og miðstigi.



Mynd 4.2. Hlutfall kennara sem telja að einkunnir, nýsköpun og starfsþróun hafi áhrif á mat og endurgjöf varðandi störf þeirra sjálfra.

Á mynd 4.2 má sjá hlutfall kennara, sem telja að tiltekin atriði hafi haft áhrif, við mat og endurgjöf varðandi störf þeirra sjálfra. Atriðin sem hér er varpað upp luttu að einkunnum nemenda, starfsþróun kennarans og nýjungum í kennsluháttum.

Í tiltölulega fáum tilfellum telja íslenskir kennarar á unglिंगastigi að þessi atriði hafi skipt máli við mat á störfum þeirra. Aðeins í Danmörku skipta þessi atriði minna máli en hér á landi.

## Áhrif mats eða endurgjafar á tiltekna þætti

Spurt var hvort mat eða endurgjöf hefði haft áhrif á laun, aukagreiðslur, tækifæri til starfsþróunar, stöðuhækkun, opinberar viðurkenningar, breytingar á starfsábyrgð sem gera starfið eftirsóknarverðara eða þátttöku í skólaþróunarverkefnum, t.d. námskrárvinnu eða markmiðssetningu skólans. Niðurstöður eru sýndar í töflu 4.3. Spurt var að hve miklu leyti mat eða endurgjöf hefði leitt til breytinga á þessum tilteknu sviðum.

**Tafla 4.3 Að hve miklu leyti hefur mat/endurgjöf leitt til breytinga á eftirfarandi sviðum?**

	Unglingastig		Yngsta- og miðstig	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Breytinga á launum	1,3	0,6	1,3	0,6
Aukagreiðsla eða annarar efnislegrar umbunar	1,4	0,7	1,4	0,7
Tækifæra til starfsþróunar	1,7	0,9	1,8	0,9
Breyttra líkinda á stöðuhækkun	1,3	0,7	1,3	0,7
Opinberrar viðurkenningar frá skólastjóra eða starfsfélögum	1,6	0,9	1,6	0,9
Breytinga á starfsábyrgð sem gera starfið eftirsóknarverðara	1,6	0,9	1,6	0,9
Þátttöku í skólaþróunarverkefnum (t.d. námskrárvinnu eða markmiðssetningu skólans)	1,6	0,9	1,7	0,9

1=allt engar; 2=smávægilegar breytingar; 3=nokkrar breytingar; 4=miklar breytingar

Matið eða endurgjöfin hefur haft minnst áhrif á líkindi til launabreytinga eða stöðuhækkunar, en mest á tækifæri til starfsþróunar, opinberrar viðurkenningar, breytinga á starfsábyrgð og þátttöku í skólaþróunarverkefnum.


Umbun fyrir vel unnin störf er því ekki launatengd, en felst mest í breytingum á starfsábyrgð og tækifærum til starfsþróunar. Almennt virðast áhrifin lítil.

Áhrif matsins eða endurgjafar á yngsta- og miðstigi eru mjög áþekk áhrifunum á unglingsstigi og áhrifin eru talin smávægileg í báðum kennarahópum.

**ÖNNUR LÖND:** Í TALIS löndum virðast mat og endurgjöf á starfi kennarans almennt hafa lítil áhrif á aðstæður kennarans. Ísland er engin undantekning frá þeirri reglu eins og lýst er að ofan. Innan við 10% kennara í þátttökulöndunum sögðu að mat og endurgjöf hefði nokkrar eða miklar breytingar í för með sér fyrir laun þeirra, aukagreiðslur eða aðra efnislega umbun.

Á súluritinu á mynd 4.3 er sýnt hlutfall kennara, sem telur að mat og endurgjöf á starfi þeirra hafi haft áhrif á tiltekna þætti: Launabreytingar, breytingar á starfsskyldum og tækifæri til starfsþróunar. Ísland er um miðjan hóp, en á Íslandi hefur ekkert atriði áhrif í meira en 20% tilvika.





Mynd 4.3. Hlutfall kennara sem telja mat og endurgjöf hafa áhrif. Löndum raðað eftir áhrifum launa.

Hverju breytir matið og endurgjöfin fyrir starfshætti kennarans?

Burtséð frá því hversu fátítt mat á starfi kennara er, þá er áhugavert að kanna hvaða áhrif slík endurgjöf hefur, að mati kennaranna sjálfra. Breytir matið einhverju um það hvernig kennarar haga starfi sínu? Kennarar voru því spurðir að hve miklu leyti mat eða endurgjöf á starfi þeirra breytti tilteknum þáttum í störfum þeirra.

Tafla 4.4. Að hve miklu leyti hefur mat/endurgjöf breytt eftirfarandi atriðum í störfum kennarans.

	Unglingastig		Yngsta- og miðstig	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Aðferðum við stjórnun í kennslustofu	1,8	0,9	1,9	0,9
Þekkingu og skilningi á aðalkennslusviði þínu	1,7	0,9	1,8	0,9
Þekkingu og skilningi á kennsluaðferðum	1,8	0,9	1,8	0,9
Áætlun um að bæta kennsluna	2,1	1,0	2,2	1,0
Kennslu nemenda með sérþáttir	1,8	0,9	2,0	1,0
Hvernig þú tekur á aga- og hegðunarvandamálum	1,9	1,0	2,1	1,0
Kennslu í fjölmennarlegu umhverfi	1,5	0,8	1,5	0,8
Áherslu í kennslu til að bæta einkunnir nemenda	1,8	0,9	1,9	1,0

1=allar engar; 2=smávægilegar breytingar; 3=nokkrar breytingar; 4=miklar breytingar

Í öllum tilfellum eru áhrifin smávægileg í besta falli. Endurgjöfin eða matið hafa mest áhrif á áætlunir um að bæta kennsluna, en þó smávægileg og nokkuð jöfn smávægileg áhrif til breytinga á öðrum þáttum sem mældir voru. Minnst eru áhrifin á kennslu í fjölmennarlegu

*umhverfi*. E.t.v. stafar það af því að ekki starfi allir við slíkt umhverfi, en þó er ástæða til þess að velta fyrir sér hvort endurmat á því sviði mætti auka, til þess að það kæmi að notum í kennslustofunni. Það þarf að athuga nánar, með tilvísun í aðra kafla þessarar skýrslu, hvort þessi þáttur er afskiptur í starfi kennara, en honum virðist hvergi vera mikill gaumur gefinn.

Breytileikinn, sem birtist í staðalfráviki, er alls staðar umtalsverður og það bendir til þess að að þessum málum sé ólíkt háttáð milli kennara.

Á yngsta- og miðstigi eru áhrif mats/endurgjafar almennt talin lítið eitt meiri en hjá kennurum á unglingastigi, einkum varðandi kennslu nemenda með sérþarfir og hvernig kennarinn tekur á agavandamálum. Það er athyglisvert ef kennarar á yngsta- og miðstigi verða fyrir meiri áhrifum af mati og endurgjöf en kennarar á unglingastigi. Munurinn er lítill en ávallt í sömu átt.

### Gildismat og tillögur að endurbótum: Hvað felst í matinu eða endurgjöfinni?

Tæp 31% kennara taldi að í matinu eða endurgjöfinni væru tillögur að því hvernig hægt væri að bæta ákveðna þætti í starfi kennarans og tæp 63% kennara töldu að í matinu eða endurgjöfinni fælist gildismat á starfi þeirra.

Það mætti hugsa sér að mat og endurgjöf miðaði í meira mæli að því að bæta starf kennarans, að þessi liður í skólastarfinu nýttist betur í því skyni.

### Sanngjörn og gagnleg endurgjöf?

Rúm 80% kennara eru sammála eða mjög sammála því að matið eða endurgjöfin sem þeir hafa fengið sé sanngjarnt mat á starfi þeirra sem kennari í skólanum. Einnig eru rúm 71% sammála eða mjög sammála því að matið eða endurgjöfin hafi komið að gagni við starfsþróun þeirra sem kennara. Þetta síðastnefnda er fremur hátt hlutfall miðað við það að kennarar töluðu oftast um “smávægilegar breytingar” á starfi þeirra í framhaldi af mati eða endurgjöf.

### Áhrif mats eða endurgjafar á starfsánægju og starfsöryggi

Flestir segja að áhrifin á starfsöryggi séu engin, en áhrif á starfsánægju lítil, en til aukningar. Þó telur um fjórðungur á hvorri spurningu að mikil aukning hafi orðið á starfsánægju og starfsöryggi í kjölfar mats eða endurgjafar.

Meðaltal kennara á unglingastigi er 3,68 fyrir starfsánægju en 3,62 fyrir starfsöryggi, sem er mitt á milli þess að teljast “engin breyting” og “lítill aukning”.

Samsvarandi tölur fyrir yngsta- og miðstigi eru 3,92 (starfsánægja) og 3,78 (starfsöryggi). Kennarar á yngsta- og miðstigi eigna mati/endurgjöf meiri áhrif á starfsánægju og starfsöryggi en kennarar á unglingastigi.

### Aðhvarfsgreining. Hvað skýrir mat kennarans á eigin getu (self-efficacy).

Gerð var aðhvarfsgreining (regression) til þess að finna þætti sem hefðu áhrif á mat kennara á eigin getu (self efficacy).

Tafla 4.5. Vægi marktækra þátta (hallatölur)

	Hallatala	Staðalvilla (SE)
Fjöldi daga sem varið er í starfsþróun	0,004	0,002
Mælikvarði á “Constructivist beliefs” um kennslu	0,150	0,029
Mælikvarði á “Direct transmission” í kennslu	0,126	0,038
Mælikvarði á faglega samvinnu	0,129	0,035
Mælikvarði á kennsluhætti: “Structuring”	0,139	0,032
Mælikvarði á gæði samskipta nemenda og kennara	0,250	0,030
Mikilvægir þættir í kennaramati og endurgjöf: Nýbreytni í kennsluháttum.	0,189	0,075
Mat kennara á því hvort nemendur í viðkomandi bekk séu yfir meðallagi nemenda á sama aldri.	0,179	0,073

Hallatalan sýnir um hve mörg staðalfrávik mat á eigin getu (self-efficacy) eykst þegar viðkomandi þáttur hækkar um eina mælieiningu.

Það er áhugavert að sjá að samskipti nemenda og kennara - og svo fagleg samvinna - hafa mikil áhrif á trú kennarans á eigin getu (self efficacy). Jafnframt hafa tveir þættir, sem mæla hugmyndafræði á bak við kennsluaðferðir kennara nokkur áhrif á mat á eigin getu (self-efficacy). Raunar þannig, að tvö hugmyndakerfi andstæðrar merkingar (Direct transmission-hugsmíðahyggja og Constructivist-bein yfirfærsla) hafa jafnmikil áhrif á eigin getu. Nánar er fjallað um þessar mismunandi nálganir í kafla 5.

Þetta bendir til þess að kennari, sem hefur eindregna afstöðu til ákveðinnar hugmyndafræði um kennslu, finni fyrir meira öryggi í starfi. Þá skiptir greinilega minna máli, hvert innihald stefnunnar er.

Af þeim þremur kennsluaðferðum sem mældar voru með sérstökum kvörðum hefur “structuring”/skipulag mest tengsl við mat á eigin getu. Það er sú kennslunálgun sem lætur mest frumkvæði í kennslustofunni vera í höndum kennarans. Þessi kvarði vísar til þess að sá sem fær hátt á honum kýs að hafa sterkt skipulag á vinnunni og góða stjórn á öllu sem gerist í kennslustundinni.

Námsgeta nemendanna skiptir líka máli, eins og líklega má búast við. Ef hátt hlutfall nemenda er yfir meðallagi, þá finnst kennaranum hann ná árangri: Mat á eign getu er þá hátt.

### Tilgangur og áhrif matsins í skólanum

Til þess að fá fyllri mynd af hugmyndum kennara um mat og endurgjöf í skólanum voru þeir beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga sem birtar eru í töflu 4.6.

Tafla 4.6. Afstaða kennara til fullyrðinga um mat og endurgjöf í skólanum

	Unglingastig			Yngsta- og miðstigi		
	Sammála eða mjög sammála	Meðaltal	Staðalfrávik	Sammál eða mjög sammála	Meðaltal	Staðalfrávik
Skólastjóri gerir ráðstafanir til að breyta efnislegri umbun kennar sem sýnir vanhæfi til lengri tíma	28%	2,0	0,8	26,5	2,0	0,8
Annað starfsfólk umber viðvarandi vanhæfi kennara	32,9%	2,2	0,8	30,4	2,2	0,8
Kennurum er sagt upp vegna viðvarandi vanhæfni í starfi	34,6%	2,1	0,8	34,3	2,1	0,8
Skólastjórinn notar árangursríkar aðferðir til að ákvarða hvort kennarar standi sig vel eða illa	37,7%	2,2	0,8	36,0	2,2	0,8
Í skólanum er í framkvæmd starfsþróunaráætlun fyrir kennara til að bæta sig í starfi	45,5%	2,3	0,8	46,4	2,4	0,9
Kennarar sem ná bestum árangri fá mestu umbunina, fjárhagslega og annars konar	18,1%	1,9	0,7	15,5	1,8	0,7
Ef ég bæti gæði kennslu minnar fæ ég aukna umbun, fjárhagslega eða annars konar	17%	1,8	0,7	16,7	1,8	0,7
Ef ég beiti nýjungum í þessum skóla fæ ég aukna umbun, fjárhagslega eða annars konar	17%	1,8	0,7	20,5	1,9	0,8
Mat á störfum kennara er aðallega til að fullnægja kröfum yfirvalda	35,3%	2,4	0,8	39,9	2,3	0,8
Mat á störfum kennara hefur lítil áhrif á kennslu í skólastofunni	55,7	2,6	0,8	49,4	2,5	0,8

1=mjög ósammála; 2=ósammála; 3=sammála; 4=mjög sammála

Afstaða þátttakenda til fullyrðinganna benda til þess að talsverð breidd sé í viðhorfum kennara til gagnsemi og tilgangs endurgjafar eða mats á starfi kennara. Rúmlega þriðjungur telur að kennurum sem sýna viðvarandi vanhæfi í skólanum sé sagt upp. Á sama tíma telur um 56% að mat á störfum kennara hafi lítil áhrif á kennslu í skólastofunni. Þarna virðist nokkur breidd í trú kennara á áhrifum mats og endurgjafar. Áhugavert væri að bera saman skóla í þessu tilliti. Hvaða áhrif hefur það, að matið skipti máli, á annað skólastarf?

Kennarar á yngsta- og miðstigi hafa á heildina svipuð viðhorf til mats/endurgjafar í skólanum, sem þeir starfa við, og kennarar á unglingastigi.

## Kaflí 5: Kennsluhættir, viðhorf og skoðanir

Þátttakendum var boðið að lýsa skoðunum sínum á kennslu og námi með því að tilgreina hversu sammála eða ósammála þeir væru ýmsum fullyrðingum um þau efni. Hér er verið að athuga hvaða kennslunálgun kennarinn aðhyllist, hvort hann lítur á hlutverk sitt sem leiðbeinanda í uppgötvunarnámi eða læriföður sem útdeilir staðreyndum og þekkingu. (Constructivist vs Direct transmission)

Niðurstöður má sjá í töflu 5.1.

**Tafla 5.1 Hlutfall þátttakenda sem er mjög sammála fullyrðingum um kennslu og nám á unglíngastigi og yngsta- og miðstigi. Meðaltöl og staðalfrávik.**

	Unglíngastig			Yngsta- og miðstig		
	Mjög sammála (%)	Meðaltal	Sf	Mjög sammála (%)	Meðaltal	Sf
Skilvirkir/góðir kennarar sýna hvernig á að leysa vandmálin á réttan hátt	29,1%	3,1	0,7	33,1	.32	0,7
Þegar ég tala um “slaka frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er lakari en fyrri árangur nemandans	10,9%	2,8	0,6	13,4	2,9	0,7
Það er betra þegar kennarinn – ekki nemandinn – ákveður hvaða verkefni á að fást við	10,6%	2,7	0,7	8,5	2,6	0,7
Hlutverk mitt sem kennara er að hvetja nemendur í þekkingarleit	59,8%	3,6	0,5	60,4	3,6	0,6
Kennarar vita miklu meira en nemendur; þeir eiga ekki að láta nemendur koma með svör sem eru hugsanlega röng þegar þeir geta sjálfir útskýrt svörin beint	2,6%	1,8	0,7	1,7	1,7	0,6
Nemendur læra best með því að finna sjálfir lausnir á viðfangsefnum	34,7%	3,2	0,7	36,6	3,3	0,6
Kennsla ætti að snúast um viðfansefni með skýr, ákveðin svör og um hugmyndir sem flestir nemendur ná fljótt tökum á	5,7%	2,4	0,7	4,8	2,3	0,7
Það er undir grunnþekkingu nemenda komið hve mikið þeir læra – þess vegna er svo nauðsynlegt að kenna staðreyndir	3,0%	2,3	0,7	2,8	2,3	0,7
Nemendur ættu að fá tækifæri til það finna sjálfir lausnir á raunverulegum viðfangsefnum áður en kennarinn sýnir þeim hvernig á að leysa þau	31,5%	3,2	0,6	37,9	3,3	0,6
Þegar ég tala um “góða frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er betri en fyrri árangur nemandans	19,1%	3,0	0,7	19,8	2,9	0,7
Yfirleitt þarf að vera hljóð í skólafundum til að hægt sé að læra almennilega	7,2%	2,5	0,7	5,6	2,4	0,7
Rökhugsun og ályktunarhæfni er mikilvægari en tiltekið efni námskrárinna	26,7%	3,1	0,6	25,8	3,1	0,6

1=mjög ósammála ; 2=ósammála ; 3=sammála ; 4=mjög sammála

Hæstu einkunn fá fullyrðingar sem fjalla um frumkvæði nemendans og mikilvægi þess að þeir finni sjálfir lausnir á viðfangsefnum áður en kennarinn sýnir þeim hvernig á að leysa þau. Í sama dúr er fullyrðing um að það sé hlutverk kennarans, að hvetja nemendur í þekkingarleit.

Þessum fullyrðingum er vel tekið á meðan öðrum, gagnstæðrar merkingar, er hafnað, t.d. þeirri, að kennarar eigi ekki að láta nemendur koma með svör sem séu hugsanlega röng, þegar kennararnir geti sjálfir útskýrt svörin beint. Áherslan á frumkvæði nemandans kemur einnig fram í dræmum stuðningi við fullyrðingu um að kennarinn – ekki nemandinn – eigi að ákveða hvaða verkefni sé fengist við.

Kennarar hafna fullyrðingum um að áherslan eigi að vera á að kenna “staðreyndir” eða viðfangsefni með skýrum svörum sem “flestir nemendur ná fljótt tökum á”. Hins vegar sé “rökhugsun og ályktunarhæfni (...) mikilvægari en tiltekið efni námsskrárinnar”.

Til einföldunar má taka saman hugmyndir kennara um kennslu og nám á þann hátt að þeir líti svo á, að frumkvæði þekkingarleitar eigi að liggja hjá nemanda, en felist ekki í ítrodslu staðreynda undir algeru forræði kennara.

Niðurstöður í þessa veru eru jafnvel meira afgerandi meðal kennara á yngsta- og miðstigi en hjá kennurum á unglingastigi.


Karlar eru meira fylgjandi fullyrðingum á borð við þær að kennarar eigi að sýna lausnir, að kennarinn eigi að ákveða hvaða verkefni eigi að fást við (ekki nemandinn), og þar sem kennarinn viti miklu meira en nemandinn, þá eigi kennarinn að koma með svörin, fremur en að láta nemandann svara vitlaust.

Þeir aðhyllast greinilega beina yfirfærslu í meira mæli en konur.

Karlar trúa líka í meira mæli að kennsla eigi að snúast um viðfangsefni með skýrum svörum, sem flestir nemendur geti náð fljótt tökum á og nauðsynina á að kenna staðreyndir. Karlar telja mikilvægara en konur, að hljóð ríki í skólastofunni til þess að hægt sé að læra almennilega. Jafnframt segja þeir þó að rökhugsun og ályktunarhæfni sé mikilvægari en tiltekið efni á námsskránni.

Konur aðhylltust tvær fullyrðingar marktækt hærra en karlar: Að nemendur ættu að fá tækifæri til þess að finna sjálfir lausnir á verkefnum áður en kennarinn sýnir þeim hvernig eigi að leysa þau, og að hlutverk kennarans sé að hvetja nemendur í þekkingarleit. Þetta eru meira “Constructivist”/hugsmíðahyggju fullyrðingar.

ÖNNUR LÖND: Í úrvinnslu á þessum spurningum í alþjóðlegum samanburði eru niðurstöður dregnar saman í tvo meginkvarða: “Constructivist”/hugsmíðahyggju og “Direct transmission”/beina yfirfærslu. Á vissan hátt eru breytur í þessum kvörðum andstæðrar merkingar, og því má búast við því að sá sem aðhyllist sterklega viðhorf á öðrum kvarðanum hafni fullyrðingum á hinum kvarðanum. Það er þó ekki fráleitt að ætla að hver þátttakandi geti haft að nokkru leyti trú á innihaldi fullyrðinga á báðum kvörðum. Í ljós kemur að í engu þátttökulandi hafa kennarar meiri trú á Constructivist/hugsmíðahyggju fullyrðingum en á Íslandi (sjá mynd 5.1).



Mynd 5.1. Afstaða til mismunandi kennsluhátta/nálgana í öllum TALIS löndum  
(mynd fengin úr alþjóðlegri skýrslu um niðurstöður TALIS)

Jafnframt er neikvæð fylgni hér á landi milli kvarðanna tveggja, á þann hátt að sá, sem aðhyllist Constructivist viðhorf hefur litla trú á Direct transmission viðhorfum og öfugt. Neikvæða fylgni af þessu tagi má einnig sjá í Ástralíu og Austurríki. Annars er fylgni milli þessara viðhorfa í flestum löndum martækt jákvæð.

Aðeins á Ítalíu eru viðhorf jákvæðari til beinnar yfirfærslu en hugsmíðahyggju kennsluhátta. Í öllum öðrum löndum hafa hugsmíðahyggju viðhorf vinninginn.

Það er áhugavert að sjá að breytileikinn í þessum viðhorfum í þáttökulöndum TALIS tengist mest einstaklingnum, þ.e. kennaranum sjálfum. Breytileiki í þessum viðhorfum fer mest eftir því hvaða land á í hlut, um helmingur hans, hvað varðar viðhorf um beina yfirfærslu þekkingar en lítið ræðst af því í hvaða skóla kennarinn starfar. Hugsmíðahyggju viðhorfin skýrast af einstaklingsmun fyrst og fremst, um fjórðungur ræðst af landi en þrír fjórðu af einstaklingsmun. Í báðum tilvikum skýrir munur á milli skóla lítið sem ekkert af breytileika í þessum viðhorfum.

Það ræðst sem sagt mjög lítið af skólanum, hvort kennari aðhyllist tiltekin viðhorf eða ekki. Það fer eftir landinu og skýrist svo ekki síður tölfræðilega af einstaklingnum sjálfum.

## Verkefni í dagsins önn

Kennarar voru beðnir um að tilgreina hversu oft þeir ynnu ýmis störf í skólanum, verk eins og þátttaka í fundum, gerð kennsluefnis og stefnumótun.

Á grundvelli þátttagreiningar (*factor analysis*), fjölvíddakvörðunar (*multidimensional scaling*) og klasagreiningar (*cluster analysis*) mátti skipta fullyrðingunum í hópa, sem endurspeglu mynstur

eða kerfi í svörun þátttakenda. Þessir hópar eru hafðir til hliðsjónar við samantekt á svörum kennara.

Tafla 5.2. Tíðni ýmissa verka, sem kennarar sinna í starfi sínu.

Verk		Tíðni (%)*						Meðaltal	Sf
		1*	2*	3*	4*	5*	6*		
Tek þátt í starfsmannafundum til að ræða hugmyndafræði og stefnu skólans	U	5,1	4,8	9,9	22,2	31,9	26,1	4,5	1,4
	Y	3,7	3,1	9,0	22,2	34,0	28,1	4,6	1,3
Sem skólanámskrá eða hluta hennar	U	15,9	9,9	54,3	14,0	4,5	1,4	2,9	1,1
	Y	13,9	8,9	52,4	18,8	4,5	1,5	3,0	1,1
Tek þátt í að ræða um og velja námsefni (t.d. námsbækur og verkefnabækur)	U	14,8	6,6	29,0	32,3	10,6	6,7	3,4	1,4
	Y	8,6	5,2	22,7	24,3	15,7	13,4	3,8	1,4
Skiptist á kennsluefni við starfsfélaga mína	U	14,7	9,8	7,9	29,5	21,0	17,1	3,8	1,6
	Y	6,8	3,5	5,3	21,8	25,9	36,7	4,7	1,4
Fer á samstarfsfundi innan aldurshópsins sem ég kenni	U	12,2	2,6	3,9	11,5	32,7	37,1	4,6	1,6
	Y	6,3	1,4	1,4	6,4	23,5	61,1	5,3	1,3
Sé til þess að sameiginlegur mælikvarði sé notaður til að meta framfarir nemenda	U	21,5	7,2	15,0	31,9	15,0	9,4	3,4	1,6
	Y	11,0	3,8	13,3	38,3	18,7	14,8	3,9	1,4
Tek þátt í umræðum um námsferil tiltekinna nemenda	U	7,7	4,4	5,9	28,6	29,6	23,9	4,4	1,4
	Y	4,2	2,7	5,4	27,0	32,8	27,9	4,7	1,2
Kenni saman bekk með hópi kennara	U	54,9	6,1	2,2	6,1	3,3	27,4	2,8	2,2
	Y	46,3	4,7	3,4	5,9	3,6	36,1	3,2	2,3
Tek þátt í faglegum fræðsluverkefnum (t.d. hóphandleiðslu)	U	49,7	14,0	9,1	15,9	7,8	3,6	2,3	1,6
	Y	39,5	12,5	12,9	16,5	12,6	5,9	2,7	1,7
Fylgist með bekkjum annarra kennara og veiti endurgjöf	U	64,4	12,0	5,0	8,1	4,9	5,6	1,9	1,5
	Y	60,3	11,6	4,3	9,2	6,3	8,3	2,2	1,7
Tek þátt í sameiginlegu starfi margra bekkja og aldurshópa (t.d. átaksverkefni)	U	28,9	9,9	21,0	25,9	7,1	7,1	2,9	1,6
	Y	22,9	6,1	19,0	30,8	8,0	13,2	3,3	1,6
Tek þátt í þverfaglegri umræðu og samræmingu heimaverkefna	U	38,1	10,1	10,6	20,9	12,8	7,5	2,8	1,7
	Y	25,8	8,2	9,3	17,8	13,5	25,4	3,61	1,9

\*1=aldrei ; 2=sjaldnar en einu sinni á ári; 3=einu sinni á ári; 4=3-4 sinnum á ári; 5=einu sinni í mánuði; 6=einu sinni í viku

U=unglingastig Y=Yngsta- og miðstig

Eins og sjá má á töflunni dreifist tíðni þessara verka mjög misjafnlega eftir eðli þeirra. Umræðufundir með öðrum kennurum um stefnu skólans, tiltekinn aldurshóp eða námsferil einstakra nemenda fara fram um einu sinni í mánuði.

Samráð vegna vals eða samnýtingar á námsefni og samræmingar á mati á framförum nemenda fer oftast fram um 3-4 sinnum á ári. Rúmlega helmingur kennara tekur þátt í að semja skólanámskrá að hluta eða í heild einu sinni á ári.

Önnur verkefni, sem varða allan skólann, fremur en einstaka bekk eða nemendur, eru framkvæmd sjaldnar, eins og þátttaka í sameiginlegu starfi margra bekkja, t.d. við átaksverkefni, eða þverfaglega samræmingu heimaverkefna.

Þátttaka í kennslustundum með öðrum kennurum, til þess að veita endurgjöf er fátíð, en rúmur fjórðungur kennara kennir sama bekk með hópi kennara um einu sinni í mánuði.

Konur voru hærri á nánast öllum fullyrðingunum, sem bendir til þess að þær vinni þessi störf oft en karlmenn.

Kennarar á yngsta- og miðstigi stunda öll ofangreind verk í meira mæli en kennarar á unglingastigi. Samráð og samvinna kennara virðist meiri á yngsta- og miðstigi.



Afstaða kennara til ýmissa fullyrðinga um þá sjálfa og það sem gerist í skólanum. Kennarar voru beðnir um að taka afstöðu til ýmissa fullyrðinga um þá sjálfa og það sem gerist í skólanum. Svör má sjá í töflu 5.3.

**Tafla 5.3. Afstaða kennara til ýmissa fullyrðinga um þá sjálfa og það sem gerist í skólanum. Meðaltöl og staðalfrávik.**

Fullyrðingar		Mjög ósammála (%)	Ósammála (%)	Sammála (%)	Mjög sammála (%)	Meðaltal	Staðalfrávik
Í heildina er ég sátt(ur) við mitt starf	U	1,2	8,3	65	25,5	3,15	0,6
	Y	1,2	7,6	63,4	27,8	3,18	0,6
Mér finnst ég hafa afgerandi áhrif á menntun nemenda minna	U	0,4	15,2	67,5	16,8	3,01	0,6
	Y	0,6	9,8	67,8	21,8	3,4	0,6
Ef ég legg mig alla(n) fram get ég náð góðum árangri jafnvel með erfiðustu og áhugalausustu nemendum	U	0,2	10,5	63,4	25,9	3,15	0,6
	Y	0,1	6,4	60,7	32,8	3,26	0,6
Mér gengur vel með nemendurnar í bekknum mínum	U	0,1	3,1	68,2	28,7	3,25	0,5
	Y	0,3	2,0	61,9	35,9	3,33	0,5
Ég veit venjulega hvernig ég á að ná sambandi við nemendur	U	0	3,1	72,7	24,1	3,21	0,5
	Y	0,2	2,2	69,7	27,9	3,25	0,5
Í þessu sveitarfélagi er borin virðing fyrir kennurum	U	17,7	43,4	35,7	3,1	2,24	0,8
	Y	15,4	44,1	37,3	3,2	2,28	0,8
Í þessum skóla kemur kennurum og nemendum yfirleitt vel saman	U	0,3	3,1	71,6	25	3,21	0,5
	Y	0,2	2,7	72,8	24,3	3,21	0,5
Flestum kennurum í þessum skóla finnst mikilvægt að nemendum líði vel	U	0,1	1,6	47,1	51,3	3,50	0,5
	Y	0	0,9	41	58,1	3,57	0,5
Flestir kennara í þessum skóla hafa áhuga á því sem nemendum liggur á hjarta	U	0,2	4,7	63,4	31,7	3,27	0,6
	Y	0	3,2	59,8	37,0	3,34	0,5
Skólinn veitir nemendum í þessum skóla, sem á þurfa að halda, viðbótaraðstoð	U	2,7	12,8	56,7	27,9	3,10	0,7
	Y	2,1	14,4	55,9	27,6	3,09	0,7

1=mjög ósammála ; 2=ósammála ; 3=sammála ; 4=mjög sammála

U=unglingastig Y=Yngsta- og miðstig

Yfirleitt eru kennarar sammála eða mjög sammála ofangreindum fullyrðingum um starf þeirra og samskipti, en mesta frávik varðar virðinguna sem borin er fyrir kennurum í sveitarfélaginu. Um 61% þáttkenda eru ósammála því að borin sé virðing fyrir kennurum, þar af tæp 18% mjög ósammála. Af þessu má ljóst vera að tæpur fimmtungur kennara telur að starf þeirra sé ekki virt í sveitarfélaginu sem þeir búa í.

Flestir eru sammála eða mjög sammála fullyrðingum um góð samskipti kennara og nemenda, og um áhuga kennara á líðan nemenda.

Mikill meirihluti kennara hefur líka gott sjálfstraust í starfi, þ.e. telur sig hafa afgerandi áhrif á menntun nemenda, að þeir geti náð góðum árangri með jafnvel erfiðustu nemendur og yfir 90% eru sáttir við starf sitt í heildina.

Konum fannst þær hafa meiri afgerandi áhrif á menntun nemenda sinna en karlar. Enginn kynjamunur var á því hversu “sáttir” kennarar voru við starfið. Konur töldu sig einnig frekar geta náð góðum árangri jafnvel með erfiðustu og áhugalausustu nemendum. Þær trúðu því frekar, að kennurum almennt fyndist mikilvægt að nemendum liði vel, og að kennarar hefðu áhuga á því sem nemendum lægi á hjarta.

Kennarar á yngsta- og miðstigi eru mjög svipaðir þeim sem kenna á unglíngastigi. Tilhneiging er í þá átt að kennarar á yngri stigum séu jákvæðari um áhrifamátt sinn í starfi og um viðmót kennara til nemenda.

ÖNNUR LÖND: Íslenskir kennarar á unglíngastigi hafa mikla trú á eigin getu, eru þar með hæstu löndum og jafnframt er starfsánægja þeirra fremur mikil í samanburði við önnur lönd. Yfirleitt er lítill munur milli landa hvað varðar ánægju kennara í starfi (job satisfaction) og trú þeirra á eigin getu (self efficacy). Noregur er hæstur á báðum kvörðum. Kennarar í Belgíu og Austurríki eru einnig tiltölulega ánægðir með sitt starf. Í Slóvakíu og Ungverjalandi er starfsánægja hins vegar lítil að meðaltali. Þar að auki hafa Ungverjar litla trú á eigin kennslugetu, ásamt kennurum Kóreu, Spánar og Eistlands.

Þess má geta að meðal þeirra þátta sem hafa mest áhrif á starfsánægju kennara á Íslandi og í TALIS almennt eru trú á eigin getu, gott samband kennara og nemenda og gott andrúmsloft í kennslustundum.

**Fullyrðingar um skólastjórnann: Setning markmiða og afskipti af kennslu.**

Ellefu fullyrðingar í spurningalista kennara fjölluðu um skólastjórnann, að hve miklu leyti hann beitti sér fyrir setningu markmiða og um eftirlit hans með kennslunni, hvort hann gripi inn í kennslu og gerði tillögur um úrbætur.

Þáttgreining leiddi í ljós aðeins einn þátt, sem þýðir að þeir sem eru sammála einni fullyrðingu eru yfirleitt líka sammála öðrum fullyrðingum – og öfugt. Þátturinn endurspeglar því á vissan hátt almennt viðhorf til skólastjórnans. Svör við einstökum fullyrðingum má sjá í töflu 5.4.

**Tafla 5.4 Hlutfall þátttakenda sem telur að tiltekin verkefni hafi verið unnin frekar oft eða mjög oft á yfirstandandi skólaári. Meðaltöl og staðalfrávik.**

	Unglingastig			Yngsta- og miðstig		
	Frekar eða mjög oft (%)	Meðaltal	Sf	Frekar eða mjög oft (%)	Meðaltal	Sf
Skólastjórinn ræðir um markmið menntunar við kennara á fundum	45,5	2,46	0,8	49,0	2,51	0,8
Skólastjórinn sér til þess að kennarar starfi í samræmi við markmið skólans	67	2,77	0,8	67,6	2,77	0,8
Skólastjórinn eða einhver annar stjórnandi fylgist með kennslu í bekkjum	17,5	1,88	0,8	19,5	1,91	0,8
Skólastjórinn kemur með tillögur um hvernig kennarar geta bætt kennslu sína	24,8	1,99	0,8	24,6	2,02	0,8
Þegar kennari á í vandræðum í kennslustofunni hefur skólastjórinn frumkvæði að því að ræða málin	36,2	2,20	0,9	27,1	2,05	0,8
Skólastjórinn sér til þess að kennarar fái upplýsingar um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni	67,7	2,79	0,8	66,6	2,82	0,8
Skólastjórinn hrósar kennurum þegar þeir leggja sig sérstaklega fram eða ná góðum árangri	65,5	2,83	0,9	62,2	2,80	0,9
Skólastjórinn vinnur ásamt kennurum í þessum skóla samkvæmt áætlun um að bæta kennsluna	68,6	2,79	0,9	66,8	2,85	0,9
Skólastjórinn skilgreinir markmið fyrir starfsfólk skólans	62,1	2,68	0,8	65,0	2,76	0,8
Skólastjórinn sér til þess að verkefnaþaður starfsandi ríki í þessum skóla	60,9	2,65	0,8	65,3	2,74	0,9
Skólastjóri og kennarar í þessum skóla gæta þess að gæði kennslunnar séu sameiginleg ábyrgð allra	73,9	2,46	0,8	77,7	2,99	0,8

1=aldrei ; 2=sjaldan ; 3=frekar oft ; 4=mjög oft

Um 2/3 hlutar kennara telja að skólastjóri hafi unnið ofangreind verk á yfirstandandi skólaári, þar með talið að setja markmið og sjá til þess að þeim sé fylgt, bæði varðandi kennsluna og kennarann. Skólastjórinn hrósar þegar við á og sér til þess að kennarar fái upplýsingar um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni.

Hins vegar eru afskipti og þátttaka skólastjóra mun minni, að mati kennara, þegar kemur að kennslunni sjálfri, þeir fylgjast sjaldan með kennslunni beint, koma sjaldan með tillögur um hvernig megi bæta hana, og eiga sjaldan frumkvæði að því að ræða málin þegar kennari á í vandræðum í kennslustofunni.

Breytileiki er mikill í þessum viðhorfum, eins og hátt staðalfrávik ber með sér.

Lítill munur er á kennurum á yngsta- og miðstigi annars vegar og svo á unglingastigi hvað þetta varðar.

## Kaflí 6: Kennsla í tilteknum bekk og fagi

Kennarar voru beðnir um að tilgreina hvaða aðalnámsgreinar þeir kenndu á unglingastigi – aðeins átti að nefna námsgreinar sem tóku hver um sig a.m.k. 20% af kennslutímanum. Það má því gera ráð fyrir að hver kennari hafi nefnt allt að fimm greinar.

Kynjamunur er athugaður á tvennan hátt. Annars vegar er kannað hve hátt hlutfall kvenna/karla/heildar segist kenna tiltekna námsgrein. Með því móti má sjá hversu háan sess viðkomandi grein skipar í kennarahópum hvors kyns. Hins vegar er athugað hve hátt hlutfall kennara ákveðinnar námsgreinar er kvenkyns (og þá samtímis hve hátt hlutfall er karlkyns). Með því móti er unnt að sjá hvernig kynjaskiptingin blasir við nemendum, þ.e. hve fyrirferðarmikið hvort kynið er gagnvart nemendum í tiltekinni námsgrein.

Í töflu 6.1 er sýnt hlutfall kennara sem kennir hverja námsgrein:

**Tafla 6.1. Hlutfall kennara sem kennir hverja námsgrein a.m.k. 20% af kennslutíma sínum, eftir kyni, á unglingastigi og á yngsta- og miðstigi.**

	Unglingastig			Hve hátt hlutfall af kennurum tiltekinnar greinar eru konur	Yngsta- og miðstigi			Hve hátt hlutfall af kennurum tiltekinnar greinar eru konur
	Konur (%)	Karlar (%)	Heild (%)		Konur (%)	Karlar (%)	Heild (%)	
Lestur, ritun og bókmenntir	35,1	20,9	30,7	78,8	81,9	67,3	80,6	92,3
Stærðfræði	24	26,4	24,7	66,8	78,3	64,4	77,0	92,2
Náttúrufræði	15,5	25,1	18,5	57,7	59,1	47,1	58,0	92,5
Samfélagsfræði	16,9	25,4	19,5	59,5	68,2	55,8	67,0	92,5
Erlend tungumál	31,6	24,4	29,4	74,1	30,6	35,6	31,0	89,4
Upplýsinga- og tæknimennt	10,1	20,1	13,3	52,6	29,7	24,0	29,1	92,4
Listgreinar	20,5	16,9	19,4	72,8	30,1	22,1	29,3	93,0
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	10,4	26,4	15,3	46,5	8,7	20,2	9,8	80,9
Trúarbrögð og/eða siðfræði	7,2	8,7	7,7	64,6	52,2	42,3	51,2	92,3
Verk- og starfsmenntun	13,4	10,7	12,6	73,5	22,0	15,4	21,4	93,3
Annað	8,4	7	8	72,8	7,0	5,8	6,9	92,2

Ath: Þegar kynjamunur er marktækur (með kí-kvaðrat prófi) er hærra prósentuhlutfallið feitletrað.

Á unglingastigi kennir hærra hlutfall kvenna lestur, ritun og bókmenntir og erlend tungumál. Aðeins fimmti hver karl kennir lestur, en rúmlega þriðja hver kona.

Um fjórðungur karla kennir náttúrufræði, samfélagsfræði eða íþróttir, líkams- og heilsufræði, og konur í mun minna mæli.

Fimmti hver karl kennir upplýsinga- og tæknimennt, en helmingi minna hlutfall kvenna gerir það.

Ekki er marktækur kynjamunur í stærðfræði, listgreinum, verk- og starfsmenntun og trúarbrögðum og/eða siðfræði.

Í fimmta dálki töflunnar má sjá hve hátt hlutfall kennara í hverri grein á unglingastigi er konur. Í öllum námsgreinum eru konur fleiri en karlar, ef undan eru skildar Íþróttir, líkams- og heilsurækt. Aðeins um fimmti hver lestrarkennari er karl, og fjórði hver tungumála, listgreina- og starfsgreinakennari er karl. Um þriðji hver stærðfræðikennari er karl.

Ríflega þriðji hver karl á yngsta- og miðstigi kennir erlend tungumál. Einnig kenna hlutfallslega fleiri karlar íþróttir en konur. Að öðru leyti er hærra hlutfall kvenna að kenna hinar námsgreinarnar. Á yngsta- og miðstigi eru konur miklu fleiri, og því er hlutfall kvenkennara í flestum greinum yfir 90%. Það eru því engar “karlagreinar” á yngsta- og miðstigi, nema ef vera skyldi íþróttir, líkams- og heilsurækt, sem þó er kennt af 81% konum.

### Kennsla í tilteknum bekk og fagi

Kennarar voru beðnir um að lýsa nánar tilteknum atriðum varðandi kennslu þeirra og við svörunina voru þeir beðnir um að hafa í huga bekkinn/hópin sem þeir kenna eftir klukkan 11 fyrir hádegi á þriðjudögum. Þessi dagur og tími voru valin til þess að reyna að tryggja að miðað væri við sambærilegan dag og tími í alþjóðlegum samanburði hvað varðar álag og virkni. Námsgreinarnar sem þátttakendur í könnuninni kenndu á þessum tíma og tíðni hvernar fyrir sig eru sýndar í töflu 6.2.

Flestir á unglingastigi voru að kenna erlend tungumál, því næst lestur, ritun og bókmenntir og þá stærðfræði. Þessi kennsla dreifðist nokkuð jafnt á bekkina á unglingastigi, þ.e. 8. bekk (36,3%), 9. bekk (31,6%) og 10. bekk (32,1%).

Að meðaltali voru hóparnir með 18,7 nemendur (miðgildi 18 nemendur; tíðasta gildi 20 nemendur). Í 33,3% tilvika voru hóparnir stærri en 20 nemendur og í 6% tilvika stærri en 30 nemendur.

Á yngsta- og miðstigi voru meðaltal, miðgildi og tíðasta gildi hið sama og á unglingastigi. En hópar á yngsta- og miðstigi voru stærri en 20 nemendur í 30,6% tilvika, sem er minna en á unglingastigi, og í 5,4% tilvika voru þeir stærri en 30 nemendur. Í 11,9% tilvika voru nemendur á yngsta- og miðstigi 10 eða færri í hóp.

**Tafla 6.2 Hvaða námsgrein var verið að læra klukkan 11 á þriðjudegi.**

Kennslugrein	Unglingastig	Yngsta- og miðstig
	Hlutfall (%)	Hlutfall (%)
Lestur, ritun og bókmenntir	15,5	35,5
Stærðfræði	13,6	25,5
Náttúrufræði	9,7	3,8
Samfélagsfræði	6,8	8,5
Erlend tungumál	17,5	4,1
Upplýsinga- og tæknimennt	4,1	3,4
Listgreinar	11,5	9,7
Íþróttir, líkams- og heilsurækt	11,2	4,5
Trúarbrögð og/eða siðfræði	0,5	2,3
Verk- og starfsmenntun	6,8	3,2
Annað	2,9	4,0

Eins og við er að búast voru yngri nemendur oftast að læra lestur, ritun og bókmenntir, ásamt stærðfræði. Einnig voru þeir oftast að læra samfélagsfræði eða um trúarbrögð/siðfræði. Aðrar greinar voru tíðari á unglingsstigi.

Á unglingsstigi sagði um 69,6% kennara að kennsla umræddrar kennslugreinar hefði verið hluti af kennaranámi þeirra, en fyrir rúm 30% var þetta ekki hluti af kennaranámi þeirra. Á yngsta- og miðstigi hafði kennsla greinarinnar verið hluti af kennaranámi þeirra í 67,3% tilvika.

Því má segja að í um þriðjung tilfella séu kennarar í grunnskólum að kenna greinar sem voru ekki hluti af kennaranámi þeirra.

Kennarar voru beðnir um að meta getu nemenda í þessum umrædda þriðjudagshópi (sjá töflu 6.3).

**Tafla 6.3. Geta nemenda í hópnum í samanburði við nemendur í skólanum og nemendur almennt**

Geta nemenda í þessum hópi miðað við aðra nemendur		Mikið lægri en meðalgeta	Aðeins undir meðalgetu	meðalgeta	Aðeins yfir meðalgetu	Mikið hærra en meðalgeta
... í þessum skóla	Unglingastig	5,0	10,3	53,6	25,1	6,1
	Yngsta- og miðstig	2,2	7,8	61,9	25,7	2,4
... í sama árangri almennt	Unglingastig	6,0	14,1	53,7	21,8	4,4
	Yngsta- og miðstig	2,9	10,1	62,1	22,5	2,5

Eins og sjá má er tilhneiging til þess hjá kennurum til þess að telja að bekkurinn þeirra sé aðeins yfir meðallagi, aðeins um 15% og 20% telja hópinn fyrir neðan meðallag. Hins vegar má ráða af þessu líka, að kennarar virðast telja nemendur í öðrum skólum betri en þeirra eigin,

Því bekkurinn sem þeir kenna kemur lítið eitt verr út úr samanburði við “nemendur í sama árgangi almennt” miðað við samanburð við “nemendur í sama árgangi í þessum skóla”.

Sömu tilhneigingar gætir meðal kennara á yngsta- og miðstigi. Þeir telja oftar að hópurinn sem þeir kenna sé yfir meðallagi hópa í skólanum sem þeir starfa við og einnig í samanburði við sama árgang í öðrum skólum. Þeir telja þó sinn hóp sterkari í samanburði við samsvarandi bekki í sama skóla en í samanburði við samsvarandi bekki á landinu öllu.

Breiddin í mati kennara á hópnum þeirra er minni meðal kennara á yngsta og miðstigi. Tæplega 10 prósentustigum fleiri á yngsta- og miðstigi telja sig vera að kenna meðalgóðum hópi en kennarar á unglingastigi, sem annað hvort telja sinn hóp betri eða verri en meðaltalið, eins og lýst er að ofan.

Kennarar voru spurðir um menntun og uppruna nemenda í hópnum. Niðurstöður má sjá í töflu 6.4.

**Tafla 6.4. Menntun foreldra og uppruni nemenda: Hlutfall nemenda í hópnum með annað móðurmál en íslensku, annað foreldri (a.m.k.) sem lokið hefur framhaldsskóla og nemenda sem eiga a.m.k. annað foreldri/forráðaaðila sem lokið hefur háskólaprófi**

		Minna 10%	en 19%	20 - 39%	40 - 59%	60% - meira	eða
Nemendur með annað móðurmál en íslensku	Unglingastig	81,2	10,8	5,2	1,0	1,8	
	Yngsta- og miðstig	81,5	12,4	4,3	0,6	1,2	
... foreldri með framhaldsskólapróf	Unglingastig	7,4	10,9	23,4	30,9	27,4	
	Yngsta- og miðstig	4,1	6,7	19,8	30,7	38,7	
... foreldri með háskólapróf	Unglingastig	19,7	21,5	27,6	23,0	8,3	
	Yngsta- og miðstig	9,8	16,8	29,4	30,4	13,5	

Kennarar á yngsta- og miðstigi eru með svipað hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku og kennarar á unglingastigi.

Hins vegar virðast kennarar á yngsta- og miðstigi telja að menntun foreldra barnanna sé talsvert meiri en samkvæmt mati kennara á unglingastigi, sem telja minna hlutfall með framhaldsskóla- eða háskólapróf. T.d. telja 8,3% kennara barna á unglingastigi að 60% foreldra barna í hópnum þeirra sé með háskólapróf, en samsvarandi tala fyrir yngsta- og miðstigið er 13,5%. E.t.v endurpseglar þessi munur að einhverju leyti þá staðreynd að almennt menntunarstig hefur vaxið á undanförunum árum og því er við því að búast, að foreldrar yngri barna séu menntaðri en foreldrar eldri barna.

Spurt var einnig hvernig tíminn skiptist í þessum hópi milli stjórnunar (skráningar viðvistar o.s.frv.), þess að halda aga í skólastofunni og eiginlegrar kennslu og náms. Skiptinguna má sjá í töflu 6.5.

**Tafla 6.5. Hvernig nýtist tíminn í hverri kennslustund með bekknum/hópnum? Skipting milli stjórnunar, aga og eiginlegrar kennslu.**

Verk	Hlutfall tíma að meðaltali	
	Unglingastig	Yngsta- og miðstig
Stjórnun (t.d. skráning viðvistar og dreifing blaða)	8,4 %	9,0%
Að halda röð og reglu í skólastofunni (halda aga)	16,6 %	22,4%
Eiginleg kennsla og nám	74,2 %	68,6%

Mjög áþekkur tími fer í stjórnun (skráningu viðvistar, dreifingu blaða o.s.frv.) á unglíngastigi og á yngsta- og miðstigi. Hins vegar virðist meiri tími fara í að halda röð og reglu í skólastofunni meðal yngri bekkja (22,4% á móti 16,6%) í samanburði við unglíngastigið.

Kannað var hvaða kennsluaðferðum kennari beitti í ofangreindum hópi. Niðurstaðan er sýnd í töflu 6.6. Það er áhugavert að bera saman kennsluaðferðir á unglíngastigi og yngsta- og miðstigi. Síðar mætti einnig kanna mismun eftir kennslugrein og hvort mismunandi námsárangur tengist þessum aðferðum.



**Tafla 6.6. Hvaða kennsluáðferðum beittu kennarar með þriðjudagshópnum? Unglingastig og yngsta- og miðstig.**

	Unglingastig		Yngsta- og miðstig	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Ég kynni bekknum nýtt efni (kynning í fyrirlestrarformi)	2,4	1,2	2,33	1,1
Ég tilgreini skýrt markmið námsins	2,8	1,2	2,77	1,2
Ég fer yfir heimavinnu með nemendum	2,3	1,3	1,76	1,0
Nemendur vinna í litlum hópum við að finna sameiginlega lausn á vandamáli eða verkefni	2,5	1,2	2,63	1,1
Ég læt nemendur sem eiga í erfiðleikum með nám og/eða þá sem fara hraðar yfir, fá önnur verkefni	2,8	1,5	3,29	1,4
Ég bið nemendur mína að koma með tillögur eða hjálpa mér að skipuleggja verkefni eða umræðuefni í skólastofunni	2,0	1,0	2,08	1,3
Ég bið nemendur mína að muna hvert skref við lausn verkefnis	2,3	1,3	2,41	1,3
Ég byrja kennslustund á samantekt síðustu kennslustundar	2,3	1,3	2,21	1,2
Ég skoða verkefnabækur nemenda minna	2,7	1,3	3,36	1,3
Nemendur vinna verkefni sem tekur að minnsta kosti eina viku að vinna	2,1	1,2	2,16	1,1
Ég vinn með einstökum nemendum	3,2	1,5	3,43	1,4
Nemendur meta og íhuga eigin vinnu	2,7	1,3	2,76	1,3
Ég spyr spurninga til að kanna hvort nemendur hafi skilið námsefnið	3,8	1,3	3,88	1,1
Nemendum er skipt í vinnuhópa eftir færni	1,8	1,2	2,15	1,2
Vinna nemenda mun nýtast öðrum	2,1	1,2	2,20	1,2
Ég legg fyrir próf eða könnun til að meta nám nemenda	2,0	0,8	1,91	0,8
Ég læt nemendur mína skrifa ritgerð þar sem þeir eiga að útskýra hugsun sína eða röksemdir nokkuð ítarlega	1,5	0,8	1,42	0,7
Nemendur vinna sjálfstætt með námsbók og verkefnablöð til að æfa sig í efni sem nýlega hefur verið kennt	2,8	1,4	2,98	1,2
Nemendur efna til kappæðna og rökstyðja ákveðna skoðun sem er ekki endilega þeirra eigin.	1,3	0,7	1,31	0,7

Kennarar tilgreindu á hversu oft þeir beittu viðkomandi aðferðum með viðkomandi hópi á kvarða frá 1=Aldrei eða nær aldrei til 5=Í næstum því hverri kennslustund.

Þáttgreining á spurningum um kennsluhætti leiðir í ljós 4 meginþætti. Direct oblimin snúningi var beitt, og var 51,5% af dreifingu skýrður.

1: Fyrsti þáttur: *Hópvinna*: er með fullyrðingar eins og að nemendur vinni í litlum hópum við að finna lausn á vandamáli, nemendur eru beðnir um að koma með tillögur að verkefni eða umræðuefni í skólastofunni, nemendum er skipt í vinnuhópa eftir færni – og vinna nemenda nýtist öðrum.

2: Annar þáttur: *Námsmat, þjálfun í tjáningu*: Kennari fer yfir heimavinnu nemenda, leggur fyrir próf til að meta nám, lætur nemendur skrifa ritgerð til þess að útskýra hugsun sína – og nemendur efna til kappæðna og rökstyðja skoðanir sínar, sem eru ekki endilega þeirra eigin. Að undanskilinni fyrstu fullyrðingunni virðist hér vera krafist skapandi tjáningar af nemendum.

3. Þriðji þáttur: *Einstaklingsmiðað nám*: Nemendur sem eiga í erfiðleikum, eða þeir sem fara hraðar yfir, fá ólík verkefni. Kennari skoðar verkefnabækur nemenda, kennari vinnur með einstökum nemendum, nemendur vinna sjálfstætt með námsbækur til að æfa sig í því sem hefur verið kennt. Kennari spyr spurninga til þess að kanna hvort nemendur hafi skilið námsefnið.

4. Fjórði þáttur: *Hefbundin uppbygging kennslustundarinnar*: Kennari kynnir bekknum nýtt efni í fyrirlestrarformi, hann tilgreinir skýrt markmið námsins, hann byrjar kennslustund á samantekt síðustu kennslustundar.

Á yngsta- og miðstigi eru kennsluathafnir sem lýst er í fullyrðingum á 3ja þætti (Einstaklingsmiðað nám) algengastar. Kennari spyr spurninga til þess að kanna hvort nemendur hafi skilið námsefnið, skoðar verkefnabækur, vinnur með einstökum nemendum, nemendur vinna sjálfstætt með námsbók, fara misjafnlega hratt yfir eftir getu. Einhver þessara athafna á sér stað í um helmingi kennslustunda.

Prófafyrirlögn, yfirferð heimavinnu, ritgerðir með röksemdafærslum eða kappræður (á 2. þætti) eiga á sér stað í innan við fjórðungi kennslustunda á yngsta- og miðstigi.

Aðrir kennsluhættir (úr 1. þætti og 4. þætti) eru stundaðir í yfir ¼ kennslustunda á yngsta- og miðstigi, en sjaldnar en í annarri hverri kennslustund.

Á yngsta- og miðstigi er kennslan einstaklingsmiðaðri: Meira tekið tillit til færni nemendans, að því leyti að nemendur með ólíka færni fara misjafnlega hratt yfir og nemendum er oftast skipt upp í hópa eftir færni. Kennari vinnur líka oftast með einstökum nemendum. Oftast er farið yfir heimavinnu með nemendum á unglingastigi, enda er hún algengari meðal eldri nemenda, en kennari fer yfir verkefnabækur með nemendum á yngsta- og miðstigi.

Yfirleitt telja konur sig gera oftast hvert verk, en ekki er unnt að greina ólíkan kennslustíl eftir kyni á þessum breytum.

## Vinnufriður

Kennarar voru spurðir um vinnufrið í kennslustundum, niðurstöður koma fram í töflu 6.7.

**Tafla 6.7. Vinnuandi og vinnufriður í kennslustundum**

	Unglingastíg		Yngsta- og miðstíg	
	Meðaltal	Staðalfrávik	Meðaltal	Staðalfrávik
Eftir að tíminn byrjar tekur nokkrar mínútur fyrir hópinn að koma sér að verki	2,98	0,8	3,02	0,7
Nemendur í þessum hópi gæta þess að skapa góðan námsanda	2,70	0,7	2,83	0,7
Ég tapa töluverðum tíma vegna þess að nemendur trufla kennsluna	2,38	0,9	2,53	0,8
Það er mikill hávaði í þessum hópi	2,28	0,9	2,32	0,8

1=mjög ósammála; 2=ósammála; 3=sammála; 4=mjög sammála

Lítill munur er á unglingastigi og yngsta- og miðstigi, en lítið eitt meira vinnutap verður vegna truflunar kennslunnar á yngri stigum, eins og við er að búast. Á hinn bóginn virðist tilhneingin í þá átt að vinnuandi sé betri á yngri stigum.

Kvenkennarar telja frekar að nemendur gæti þess að skapa góðan námsanda, en jafnframt telja þær oftast að nokkrar mínútur tapist á meðan hópinn kemur sér að verki.

## Kafla 7. Skólastjórnendur

Hér verður ekki fjallað um niðurstöður skólastjórallistans í smáatriðum, heldur einungis tæpt á helstu niðurstöðum. Einungis reyndust vera 17 skólastjórar sem einungis höfðu yngra- og miðstigs nemendur og því var þeim sleppt úr þessari greiningu. Var þetta jafnframt gert til þess að gera samanburð við allt TALIS úrtakið mögulegan.

### Kynjaskipting, aldur og aðrir eiginleikar skólastjóra

Könnuð var kynjaskipting meðal skólastjóra á unglingsstigi. Karlar voru 51% skólastjóra og aldur þeirra kemur fram í töflu 7.1.

**Tafla 7.1. Aldur skólastjóra**

Aldursbil	Hlutfall (%)
Yngri en 40 ára	9,9
40-49 ára	35,6
50-59 ára	44,6
60 ára eða eldri	9,9

Algengast er að skólastjórar séu á bilinu 50-59 ára og voru 12,7% þeirra með fleiri en einn skóla á sinni könnu. Menntun skólastjóra kemur fram í töflu 7.2.

**Tafla 7.2 Menntun skólastjóra**

Menntunarstig	Hlutfall (%)
Kennararéttindanáam	15
BA, BS- eða B.Ed.-gráða	67
Meistaragráða	18

Um 2/3 hlutar skólastjóra eru með BA, BS- eða B.Ed.-gráðu.

Spurt var hversu lengi viðkomandi hefði starfað sem skólastjóri almennt, en einnig hversu lengi hann/hún hefði starfað við núverandi skóla. Þetta kemur fram í töflu 7.3.

**Tafla 7.3 Hve lengi hefur viðkomandi verið skólastjóri a) almennt og b) við núverandi skóla.**

	Hve lengi skólastjóri?	Hve lengi skólastjóri við núverandi skóla?
Þetta er fyrsta árið	9,9	14,1
1-2 ár	8,9	16,2
3-5 ár	14,9	18,2
6-10 ár	19,8	24,2
11-15 ár	12,9	13,1
16-20 ár	11,9	5,1
Meira en 20 ár	21,8	9,1

Reynsla af kennslu var einnig athuguð og kemur fram í töflu 7.4.

**Tafla 7.4. Reynolds skólastjóra af grunnskólakennslu.**

	Hlutfall (%)
Engin	0
Minna en 3 ár	8,9
3-5 ár	14,9
6-10 ár	30,7
11-15 ár	23,8
16-20 ár	12,9
Meira en 20 ár	8,9

Allir skólastjórar hafa því einhverja reynslu sem grunnskólakennari, um þriðjungur á bilinu 6-10 ár.

### Upplýsingar um skólann

Spurt var um fjölda kennara, aðstoðarfólks við kennslu og fjölda skólastjórnenda og skrifstofufólks.

Mannafla til ólíkra starfa í skólanum kemur fram í töflu 7.5.

**Tafla 7.5. Skipting mannafla í skólum landsins: Fjöldi a) kennara, b) aðstoðarfólks við kennslu, c) skólastjórnenda og skrifstofufólks**

	Kennarar	Aðstoðarfólk við kennslu	Skólastjórnendur og skrifstofufólk
Meðaltal	26,65	6,86	4,19
Miðgildi	25	5	4
Tíðasta gildi	10	1	1
Staðalfrávik	17,6	6,8	2,4
Spönn	73	45	10

Meðalfjöldi nemenda í skólum landsins er rúmlega 266, með miðgildi 230 og tíðasta gildi 30. Þessar tölur endurspeglar skekktu dreifingu á stærð skólanna, þ.e. hér á landi eru tiltölulega fáir stórir skólar, sem draga meðaltalið upp.

### Móðurmál nemenda og menntun foreldra

Skólastjórar voru beðnir um að áætla hversu hátt hlutfall nemenda væri á unglíngastigi í skólanum sem ætti annað móðurmál en íslensku. Einnig voru þeir beðnir um að áætla menntun foreldra, þ.e. hlutfall þeirra sem á að minnsta kosti annað foreldri/forráðamann sem hefur lokið annars vegar framhaldsskólaprófi og hins vegar háskólaprófi. Niðurstöður eru sýndar í töflunni að neðan.

**Tafla 7.6. Móðurmál nemenda og menntun foreldra (áætlað hlutfall með framhaldsskólapróf og/eða háskólapróf).**

	Íslenska ekki móðurmál	Hlutfall foreldra með framhaldsskólapróf	Hlutfall foreldra með háskólapróf
Minna en 10%	83,7	6,7	17,2
10-19%	12,2	7,9	24,1
20-39%	2,0	23,6	33,3
40-59%	1,0	28,1	24,1
60% eða meira	1,0	33,7	1,1

Í um 16% skóla er hlutfall nemenda með annað móðurmál en íslensku 10% eða meira. Í 61,8% skóla eiga yfir 40% nemenda foreldri með framhaldsskólapróf og í um fjórðungi skóla (25,2%) eiga yfir 40% nemenda foreldri með háskólapróf.

### Inntaka nemenda í skólana. Hvaða þættir skipta máli?

Skólastjórar voru spurðir hversu mikið tillit væri tekið til nokkurra þátta við inntöku nemenda í skólann sem þeir stýrðu. Niðurstöður má sjá í töflu 7.7.

**Tafla 7.7. Mikilvægi nokkurra þátta við inntöku nemenda í skólana. Mat skólastjóra**

	<i>Skiptir ekki máli</i>	<i>Skiptir máli</i>	<i>Skiptir miklu máli</i>	<i>Skilyrði</i>
Búseta á ákveðnu svæði	30,2	17,7	35,4	16,7
Einkunnir nemenda	97,9	1,1	1,1	0
Meðmæli frá fyrri skóla	88,2	9,7	2,2	0
Stuðningur foreldra við hugmyndafræði skólans	87,5	8,3	3,1	1,1
Óskir nemenda um sérkennslu eða aðra aðstoð	71,9	14,6	10,4	3,1
Aðrir í fjölskyldunni hafa sótt um	89,6	9,4	1	0

Aðeins búseta virðist skipta verulegu máli við inntöku nemenda. Áhrif annarra þátta eru smávægileg.

### Skólastjórnun

Skólastjórar voru spurðir hversu oft þeir gerðu eftirfarandi atriði, sem öll varða stjórnun skólans.

**Tafla 7.8. Stjórnun skólans. Hversu oft gera skólastjórar eftirfarandi atriði?**

	<i>Frekar oft eða mjög oft</i>	<i>Meðaltal</i>	
Ég gæti þess vel að þátttaka kennara í starfsþróun sé í samræmi við kennslumarkmið skólans	91,6	3,25	0,6
Ég gæti þess að kennarar vinni í samræmi við kennslumarkmið skólans	88,3	3,15	0,6
Ég fylgist með kennslu í kennslustofum	36,5	2,39	0,5
Ég nota frammistöðu nemenda til að þróa kennslumarkmið skólans	44,8	2,55	0,7
Ég gef kennurum hugmyndir um hvernig þeir geta bætt kennslu sína	58,4	2,65	0,6
Ég fylgist með vinnu nemenda	75,8	2,83	0,5
Þegar kennari á í vandræðum í kennslustofunni hef ég frumkvæði að því að ræða málin	81,3	2,98	0,6
Ég læt kennara vita um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni	91,7	3,33	0,6
Ég kanna hvort starfið í skólastofunum fari fram í samræmi við kennslumarkmið skólans	50,6	2,51	0,5
Ég tek prófniðurstöður með í reikninginn þegar ég tek ákvarðanir varðandi þróun námskrár	51,0	2,53	0,6
Ég sé til þess að enginn vafi leiki á hver ber ábyrgðina á að samræma framkvæmd skólanámskrár	78,7	2,97	0,7
Þegar kennari greinir frá vandamáli í kennslustofunni leysum við það saman	100,0	3,56	0,5
Ég fylgist með truflandi hegðun í skólastofunum	75,8	3,00	0,7
Ég hleyp í skarðið fyrir kennara sem eru fjarverandi án fyrirvara	54,8	2,80	0,9

1=aldrei; 2=sjaldan; 3=frekar oft; 4=mjög oft

Eins og var raunin með svör kennara, þá endurspeglar svör skólastjóra lítil bein afskipti skólastjóra af því sem fram fer í skólastofunni. Minnsta tíðni fá athafnir eins og að fylgjast með kennslu í kennslustofum og að kanna hvort starfið í skólastofunum fari fram í samræmi við kennslumarkmið skólans. Skólastjórar leggja litla áherslu á að gefa kennurum hugmyndir um hvernig þeir geti bætt kennslu sína. Einnig virðast skólastjórar lítið taka mið af frammistöðu

nemenda til að þróa kennslumarkmið skólans, eða að prófniðurstöður séu teknar með í reikninginn þegar þeir taka ákvarðanir varðandi þróun námskrár.

Hins vegar segja langflestir skólastjórar að þátttaka kennara í starfsþróun sé í samræmi við kennslumarkmið skólans, að þeir láti kennara vita um möguleika á að endurnýja þekkingu sína og færni, að þeir gæti þess að kennarar vinni í samræmi við kennslumarkmið skólans. Þeir segjast einnig leysa það saman, þegar kennari greinir frá vandamáli í kennslustofunni.

Skólastjórar tóku einnig afstöðu til nokkurra fullyrðinga varðandi skólann, starf þeirra sjálfra og kennaranna.

**Tafla 7.9. Fullyrðingar um skólastarf.**

	<i>Sammála eða mjög sammála</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>Staðalfrávik</i>
Mikilvægur þáttur í starfi mínu er að sjá til þess að kennsluáðferðir sem yfirstjórn menntamála mælir með séu útskýrðar fyrir nýjum kennurum og að reyndari kennarar noti þær aðferðir	72,1	2,87	0,7
Notkun einkunna nemenda á prófi til að meta frammistöðu kennara gerir lítið úr faglegri dómgreind þeirra	56,6	2,60	0,8
Fái kennarar of mikið frelsi til að velja sjálfir kennsluáðferðir sínar getur það orðið til þess að kennslan verði léleg	6,5	1,74	0,6
Meginþáttur í starfi mínu er að sjá til þess að starfsfólk skólans bæti sífellt kennsluhætti sína	77,6	2,94	0,7
Mikilvægur þáttur í starfi mínu er að sjá til þess að kennarar beri ábyrgð á því að skólinn nái markmiðum sínum	97,8	3,23	0,5
Mikilvægur þáttur í starfi mínu er að kynna foreldrum nýjar hugmyndir á sannfærandi hátt	95,7	3,19	0,5
Ég hef áhrif á ákvarðanir varðandi skólann sem teknar eru á æðri stjórnstigum	86,1	3,05	0,6
Það er mikilvægt fyrir skólann að ég fylgist með því að allir fari eftir settum reglum	90,4	3,10	0,6
Það er mikilvægt fyrir skólann að ég gái að mistökum og villum í stjórnunáðferðum og skýrslum	62,8	2,74	0,7
Mikilvægur þáttur í starfi mínu er að leysa vandamál varðandi stundatöflu og/eða skipulag kennslustunda	80,8	3,10	0,7
Mikilvægur þáttur í starfi mínu er að skapa agað andrúmsloft í skólanum	88,1	3,24	0,7
Það er engin leið fyrir mig að vita hvort kennarar standa sig vel eða illa við skyldustörf sín	3,2	1,68	0,6
Í þessum skólum vinnum við að ákveðnum markmiðum og/eða eftir skólaþróunaráætlun	93,5	3,24	0,6
Ég skilgreini markmið sem starfsfólk þessa skóla á að ná	66,3	2,72	0,6
Ég ýti undir verkefnaáætlað andrúmsloft í þessum skóla	93,6	3,06	0,5

1=mjög ósammála; 2=ósammála; 3=sammála; 4=mjög sammála

Langflestir skólastjórar líta á það sem hlutverk sitt að sjá til þess að skólinn nái markmiðum sínum – og að ýta undir verkefnaáætlað andrúmsloft í skólanum. Milli 90 og 100% skólastjóra telja þessi atriði mikilvæg. Um 66% skólastjóra segjast skilgreina markmiðin sjálfir sem starfsfólk skólans á að ná. Það koma því greinilega fleiri að þeirri markmiðssetningu. Um 90% skólastjóra telja það mikilvægt fyrir skólann að þeir fylgist með því að allir fari eftir settum reglum í skólanum. Þeir hafna einnig fullyrðingum um að það sé engin leið fyrir þá, að vita hvort kennarar standa sig vel eða illa við skyldustörf sín.

Við mat skólastjóra á störfum kennara koma einkunnir nemenda þó lítið við sögu hjá rúmlega helmingi skólastjóra, enda telja þeir að notkun einkunna á prófi til að meta frammistöðu kennara geri lítið úr faglegri dómgreind þeirra.

Kennurum er greinilega treyst til þess að velja kennsluaðferðir sínar sjálfir, því skólastjórar hafna þeirri fullyrðingu, að of mikið frelsi kennarans á því sviði geti leitt til lélegrar kennslu. Um  $\frac{3}{4}$  hlutar reyna þó að sjá til þess að kennarar bæti sífellt kennsluhætti sína.

### Hvernig skiptist vinnuvikan milli ólíkra tegunda verkefna?

Skólastjórar voru spurðir að því hversu hátt hlutfall af tíma þeirra sem skólastjóri, að meðaltali allt skólaárið, færi í eftirfarandi verkefni í þessum skóla.

**Tafla 7.10. Hvernig deilist tíminn milli ólíkra verkefna yfir skólaárið.**

	Hlutfall tímans (%)
Innri stjórnun (t.d. starfsmannamál, reglur, skýrslur, fjármál, stundartafla)	44,8
Námskrár og verkefni tengd kennslu (þ.m.t. kennsla, undirbúningur kennslu, eftirlit í skólastofum, leiðsögn kennara)	21,0
Svara fyrirspurnum frá skólaskrifstofu, sveitarfélagi, ríki eða embættismönnum menntakerfisins	11,5
Mæta sem fulltrúi skólans á fundi eða annars staðar í samfélaginu og tengslamyndun	11,3
Annað	11,4

Tæplega helmingur tímans fer í innri stjórnun, um fimmtungur til námskrár og verkefna tengdum kennslu og svo rúmur tíundi hluti í hvert eftirtalinn verkefna: Samskipti við opinbera embættismenn menntakerfisins (hjá ríki og sveitarfélagi), að mæta sem fulltrúi skólans annars staðar í samfélaginu.

### Innra eða ytra mat skóla. Hversu oft?

Skólastjórar voru spurðir hversu oft á síðustu 5 árum skólinn vann sjálfsmatsskýrslu og/eða var metinn af utanaðkomandi stofnun eða öðrum (t.d. eftirlitsmanni). Svörin má sjá í töflu 7.11.

**Tafla 7.11. Hversu oft vann skólinn sjálfsmatsskýrslu og/eða var metinn af utanaðkomandi stofnun eða öðrum á undanförunum 5 árum.**

	Aldrei	Einu sinni	2-4 sinnum	Einu sinni á ári	Oftar en einu sinni á ári
Sjálfsmatsskýrsla skólans var unnin	15,7	31,5	24,7	25,8	2,2
Utanaðkomandi mat fór fram	19,8	52,3	24,4	1,2	2,3

Algengast var að sjálfsmatsskýrslurnar væru unnar einu sinni á ári, en sjálfsmatið fór fram nokkru oftari en utanaðkomandi mat.

Skólastjórar voru beðnir um að meta mikilvægi nokkurra þátta í ofangreindu mati. Þeir tilgreindu á kvarða frá 1 (“ég veit ekki hvort það var skoðað”) til 5 (“skoðað og skipti miklu máli”) hversu samþykkir þeir voru 17 fullyrðingum um matið.

**Tafla 7.12 Fullyrðingar um mat á skólastarfi. Hversu mikilvæga telja skólastjórar 17 þætti við sjálfsmat og utanaðkomandi mat á skólastarfi**

	<i>Sköðað og skipti nokkru máli eða miklu máli (%)</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>Staðalfrávik</i>
Einkunnir nemenda á prófum	43,3	2,95	1,3
Hlutfall nemenda sem standast prófkröfur	37,8	2,78	1,3
Aðrir mælikvarðar á frammistöðu nemenda	53,7	3,15	1,3
Viðbrögð nemenda við kennslunni sem þeir fá	53,1	3,05	1,3
Viðbrögð frá foreldrum	74,4	3,59	1,4
Hversu vel kennarar vinna með þér, skólastjóranum og samstarfsfólki sínu	69,5	3,50	1,4
Beint mat á bekkjarkennslu	33,3	2,54	1,3
Nýbreytni í kennsluháttum	51,2	2,99	1,4
Samband kennara og nemenda	56,6	3,52	1,4
Starfsþróunarverkefni sem kennarar hafa tekið þátt í	56,7	3,18	1,4
Stjórnun kennara í kennslustofnunni	42,2	2,80	1,4
Þekking og skilningur kennara á aðalkennslusviði sínu	29,2	2,54	1,3
Þekking og skilningur kennara á kennsluaðferðum (miðlun þekkingar) í aðalkennslugrein sinni	35,8	2,67	1,4
Kennsla nemenda með sérþarfir	71,1	3,49	1,3
Agi og hegðun nemenda	68,3	3,59	1,4
Kennsla í fjölmennningarumhverfi	23,1	2,32	1,1
Frístundavinna með nemendum (leikrit og skemmtanir, íþróttir)	33,3	2,59	1,2

1=ég veit ekki hvort það var sköðað; 2=var ekki sköðað; 3=sköðað en skipti litlu máli; 4=sköðað og skipti nokkru máli; 5=sköðað og skipti miklu máli

Einkunnir og hlutfall nemenda sem stenst prófkröfur skiptir máli við mat á skólastarfi í innan við helmingi tilfella. Ýmsir þættir varðandi kennsluna sjálfa skipta líka aðeins litlu máli, þ. á m. mat á þekkingu og skilningi kennara á aðalkennslusviði sínu og kennsluaðferðum á því sviði. Beint mat á bekkjarkennslu kemur aðeins við sögu í um þriðjungu tilfella. Stjórnun kennara í kennslustofnunni, sem kemur líklega stundum til kasta skólastjórans, skiptir máli í við mat á skólastarfi í tæplega helmingi tilfella, en agi og hegðun nemenda skiptir máli í um 2/3 hluta tilfella.

Gæði samskipti skipta máli, þ.á m. viðbrögð frá foreldrum og það hversu vel kennarar vinna með skólastjóra og samstarfsfólki sínu. Kennsla nemenda með sérþarfir skiptir máli í 71% tilvika, en kennsla í fjölmennningarumhverfi í um rúmlega fimmtingu tilfella. E.t.v. er mat á mikilvægi þessara þátta að miklu leyti ólíkt eftir skólum, eftir umfangi þessara málaflokka á hverjum stað.

### Áhrif mats

Skólastjórar voru spurðir um áhrif matsins á aðra þætti svo sem fjárhag skólans, mat á frammistöðu skólans, skólastjórnenda og kennara, greiðslur eða aðstoð til kennara.

Tafla 7.13 sýnir hvaða áhrif matið hafði á þessa þætti, að sögn skólastjóra.

**Tafla 7.13 Áhrif mats á nokkra þætti í skólastarfi**

	<i>Mikil eða nokkur áhrif (%)</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>Staðalfrávik</i>
Fjárhag skólans	16,0	1,58	0,8
Viðbrögð við frammistöðu þessa skóla	59,2	2,51	1,0
Mat á frammistöðu skólastjórnenda	52,4	2,38	1,0
Mat á frammistöðu einstakra kennara	46,9	2,23	1,0
Aðstoð sem kennarar fengu til að bæta kennsluhætti sína	40,7	2,27	1,0
Þóknun og aukagreiðslur til kennara	12,2	1,54	0,8

1=engin áhrif; 2=lítill áhrif; 3=nokkur áhrif; 4=mikil áhrif



Áhrif matsins voru hverfandi á fjárhagslega þætti (fjárhags skólans og greiðslur til kennara). Áhrifin eru mest á viðbrögð við frammistöðu skólans og skólastjórans, en þó er vart nema rúmur helmingur, sem telur þau áhrif “nokkur” eða “mikil”.

### Birting og opinber nýting mats

Í 77,1% tilvika hefur þetta mat verið birt að sögn skólastjóra, en í innan við helmingi tilfella (43%) hefur matið verið notað af yfirvöldum til þess að bera saman skóla.

### Mat kennara

Skólastjórar voru spurðir út í nokkra þætti er varða mat á starfi kennara, þ. á m. tíðni mats frá ólíkum aðilum, hvaða þættir væru mikilvægir í matinu, áhrif matsins og tilgang, tíðni skýrsluskrafa vegna mats, afleiðingar mats o.s.frv.

Tekið var fram í spurningalista að “mat” væri notað þegar starf kennara er skoðað af skólastjóra, utanaðkomandi eftirlitsmanni eða samstarfsfólki hans. Matið gat farið fram á ýmsan hátt, verið formleg og hlutlæg skoðun (t.d. sem hluti af formlegu frammistöðumati, með ákveðnum aðferðum og viðmiðum) eða óformlegri huglægari nálgun (t.d. óformlegar samræður við kennarann).

### Tíðni mats

Spurt var hversu oft starf kennara í þessum skóla væri metið af skólastjóra, öðru samstarfsfólki í skólanum eða af utanaðkomandi aðila eða stofnun (t.d. eftirlitsmanni).

**Tafla 7.14. Tíðni mats ýmissa aðila á starfi kennara.**

Matsaðili	Einu sinni á ári eða oftar (%)	Meðaltal	Staðalfrávik
Skólastjóri	63,0	3,4	1,4
Annað starfsfólk skólans	28,1	2,2	1,5
Utanaðkomandi aðili (t.d. eftirlitsmaður)	5,7	1,6	0,9

1=aldrei; 2=sjaldnar en einu sinni á 2 ára fresti; 3=einu sinni á 2 ára fresti;  
4=einu sinni á ári; 5=tvisvar á ári eða oftar

Ljóst er að 37% skólastjóra meta starf kennara sjaldnar en einu sinni á ári. Rúmlega helmingur skólastjóra segir kennara aldrei vera metna af öðru starfsfólki skólans (56,2%) eða af utanaðkomandi aðila (54%). Ef skólastjórar hafa tekið skilgreininguna á mati að ofan bókstaflega, þannig að óformlegt mat, t.d. í samræðum kennara, sé talið með, þá er ljóst að rúmlega helmingur kennara fær ekkert mat frá samkennum eða utanaðkomandi aðila. Sérstök athugun á þessum gögnum leiðir í ljós að 46% kennara fær mat frá hvorugum þessara aðila.

**Tafla 7.15. Fullyrðingar um mat á kennara. Hversu mikilvæga telja skólastjórar 17 þætti vera við mat skólastjóra, samkennara og utanaðkomandi aðila á kennurum.**

	Sköðað og skipti nokkru máli eða miklu máli (%)	Meðaltal	Staðalfrávik
Einkunnir nemenda á prófum	44,2	3,07	1,2
Hlutfall nemenda sem standast prófkröfur	47,8	3,13	1,2
Aðrir mælikvarðar á frammistöðu nemenda	53,0	3,24	1,3
Viðbrögð nemenda við kennslunni sem þeir fá	69,7	3,53	1,2
Viðbrögð frá foreldrum	78,8	3,76	1,2
Hversu vel kennarinn vinnur með þér, skólastjóranum og samstarfsfólki sínu	80,3	3,83	1,2
Beint mat á bekkjarkennslu	63,6	3,41	1,2
Nýbreytni í kennsluháttum	69,2	3,58	1,2
Gott samband kennara og nemenda	84,9	4,12	1,2
Starfsþróunarverkefni sem kennarar hafa tekið þátt í	68,2	3,53	1,2
Stjórnun kennara í kennslustofnunni	73,9	3,69	1,2
Þekking og skilningur kennara á aðalkennslusíði sínu	65,2	3,48	1,3
Þekking og skilningur kennara á kennsluaðferðum (miðlun þekkingar) í aðalkennslugrein sinni	64,1	3,41	1,3
Kennsla nemenda með sérþarfir	68,1	3,50	1,4
Agi og hegðun nemenda	80,0	3,88	1,2
Kennsla í fjölmenningsrumhverfi	33,8	2,73	1,3
Fríundavinna með nemendum (leikrit og skemmtanir, íþróttir)	41,5	2,95	1,2

1=ég veit ekki hvort það var sköðað; 2=var ekki sköðað; 3=sköðað en skipti litlu máli; 4=sköðað og skipti nokkru máli; 5=sköðað og skipti miklu máli

Um og innan við helmingur skólastjóra telur frammistöðu nemenda í námi vera mikilvæga í mati á kennurum. Samband kennara við nemendur og foreldra, ásamt samvinnu við samkennara og skólastjóra skipta meira máli, að mati 4/5 hluta skólastjóra. Nokkur eða mikil áhrif, en lítið eitt minni, hafði stjórnun bekkjar og agi í skólastofu. Kennslufræðileg atriði eins og nýbreytni í kennsluháttum, þátttaka í starfsþróunarverkefni, þekking og skilningur á kennsluaðferðum og kennsla nemenda með sérþarfir, skiptu nokkru eða miklu máli í rúmlega 2/3 hluta tilvika.

### Áhrif mats

Skólastjórar voru spurðir að því hvaða áhrif matið gæti haft á nokkur atriði hjá kennurum.

**Tafla 7.16 Hlutfall skólastjóra sem telur að tilgreinda þætti geti leitt af mati kennara.**

	Hlutfall
Breyting á launum	31,9
Aukagreiðsla eða annars konar efnisleg umbun	51,4
Breyttar líkur á stöðuhækkun	51,4
Tækifæri til starfsþróunar	84,7
Breytingar á starfsábyrgð kennara sem gerir starf þeirra eftirsóknarverðara	79,2
Þróunar eða þjálfunaráætlun til að bæta kennslu þeirra	83,3

Tækifæri til starfsþróunar, gerð þjálfunaráætlunar til að bæta kennslu, eða breytingar á starfsábyrgð kennara, telja um 4/5 hlutar skólastjóra að geti leitt af mati á starfi kennara. Sjaldgæfara er að skólastjórar telji að matið geti leitt til breytinga á launum, aukagreiðslu eða stöðuhækkana.

## Skólastjórar meta tilgang þess að meta starf kennara

Skólastjórar voru spurðir um skoðun sína á tilgangi þess að meta starf kennara í skólanum. Þeir mátu vægi tiltekinna þátta þegar starf kennara er metið.

**Tafla 7.17. Mat á störfum kennara**

	Hlutfall sem taldi atriðið frekar eða mjög mikilvægt	Meðaltal	Staðalfrávik
Til að ákvarða framgang einstakra kennara í starfi	78,4	2,92	0,7
Til að veita stjórnarsýslu utan skólans upplýsingar	46,5	2,34	0,9
Til að meta frammistöðu skólans í heild	90,5	3,34	0,7
Til að meta kennslu í einstökum námsgreinum	95,6	3,32	0,6
Til að taka á vandamálum í skólanum	90,5	3,31	0,7
Til að skilgreina þarfir kennara fyrir endurmenntun/starfsþróun	97,3	3,35	0,5
Til að taka ákvarðanir um laun og launauppbætur kennara	48,6	2,47	0,9
Til að taka ákvarðanir um bætt skólastarf	100,0	3,67	0,5

1=allt ekki mikilvægt; 2=ekki mjög mikilvægt; 3=frekar mikilvægt; 4=mjög mikilvægt

Yfir 90% skólastjóra taldi mat á starfi kennara frekar mikilvægt eða mjög mikilvægt til þess að skilgreina þarfir kennara fyrir endurmenntun/starfsþróun, til að meta kennslu í einstökum greinum, til að taka ákvarðanir um bætt skólastarf, meta frammistöðu skólans í heild og til að taka á vandamálum í skólanum.

Matið skipti minna máli varðandi ákvarðanir um laun kennara eða til þess að veita stjórnarsýslu utan skólans upplýsingar. Innan við helmingur taldi þessar tvær ástæður mikilvægar.

## Skýrsluskrif í framhaldi af mati. Hversu algeng er þau?

Skólastjórar voru spurðir að því hversu algengt það væri að skýrsla væri skrifuð í framhaldi af mati á starfi kennara. Spurt var einnig hver legði slíka skýrslu fram (skólastjóri, annað starfsfólk skóla, untankomandi aðili (t.d. eftirlitsmaður).

**Tafla 7.18. Hlutfall skólastjóra sem segir að skrifuð sé skýrsla, samhliða mati á kennara, af tilteknum aðilum.**

	Aldrei	Sjaldnar en einu sinni á 2 ára fresti	Einu sinni á 2 ára fresti	Einu sinni á ári	Tvisvar á ári eða oftar
Skólastjórinn	44,4	15,3	6,9	29,2	4,2
Annað starfsfólk skólans	68,9	8,1	5,4	13,5	4,1
Utanaðkomandi aðili (t.d. eftirlitsmaður)	60,3	31,5	5,5	1,4	1,4

Slík skýrsluskrif eru frekar fátíð og í 44,4 prósent skóla leggur skólastjóri aldrei fram slíka skýrslu.

## Ef starfi kennara er ábótavant

Hvað er gert, ef mat á starfi kennara bendir til þess að því sé ábótavant eða skólastjóri telur að kennari sinni ekki kennsluskyldum sínum nógu vel. Skólastjóri var beðinn um að tilgreina hve oft eitthvert tiltekinna atriða ætti sér stað, ef mat á starfi kennara benti til þess að því væri ábótavant eða hann/hún teldi að kennari sinni ekki kennsluskyldum sínum nógu vel.

**Tafla 7.19. Hversu oft gerast tiltekin atriði, ef starfi kennara er óbótavant.**

	Hlutfall sem segir tiltekið atriði gerast oftast eða stundum	Meðaltal	Staðalfrávik
Ég sé til þess að niðurstöðurnar séu kynntar fyrir kennaranum	85.9	3,34	0,8
Ég sé til þess að rætt sé við kennarann um úrbætur á kennslunni	88.2	3,37	0,7
Ég, eða aðrir í skólanum, set fram starfsþróunar-eða þjálfunaráætlun til þess að gera kennaranum kleift að takast á við veikleika í kennslunni	79.4	2,75	0,9
Ég, eða aðrir í skólanum, gríp til fjárhagslegra refsiaðgerða (t.d. dreg úr árlegum launahækkunum).	0	1,04	0,2
Ég, eða aðrir í skólanum, skýri öðrum aðilum frá því sem betur mætti fara (t.d. skólanefnd, skólaskrifstofu).	19.5	1,83	0,9
Ég sé til þess að kennsla kennarans verði metin oftar.	31.0	2,20	0,8
Annað	16.7	1,44	0,9

1=Aldrei; 2=Stundum; 3=Oftast; 4=Alltaf

Algengast er að niðurstöður eru kynntar fyrir kennaranum, að rætt sé við hann og að sett sé fram starfsþróunaráætlun til þess að gera kennaranum kleift að takast á við veikleika í kennslunni. Í innan við 1/3 tilfella er séð til þess að kennsla kennarans verði metin oftar. Öðrum aðilum er skýrt frá niðurstöðum í enn færri tilfellum. Fjárhagslegum refsiaðgerðum er aldrei beitt.

### Aðföng skólans

Skólastjórar voru spurðir að því hvort skortur á ákveðinni þjónustu eða aðföngum hindraði kennslu í skólanum að einhverju leyti. Niðurstöður eru sýndar í töflu 7.20.

**Tafla 7.20. Hlutfall skólastjóra sem telur að tiltekið atriði hindri kennslu í skólanum að einhverju leyti eða mikið. Meðaltöl og staðalfrávik.**

	Hlutfall sem telur að atriðið hindri kennslu í skólanum að einhverju leyti eða mikið (%)	Meðaltal	Staðalfrávik
Skortur á réttindakennurum	40.5	2,27	0,9
Skortur á tæknifólki	37.1	2,16	0,9
Skortur á starfsfólki stofnþjónustu vegna kennslu	40.5	2,31	0,9
Skortur á öðru starfsfólki	28.1	2,02	0,9
Skortur á eða ófullnægjandi kennslugögn (t.d. kennslubækur)	17	1,76	0,7
Skortur á tölvum eða ófullnægjandi tölvukostur til að nota í kennslu	29.2	1,90	1,0
Skortur á öðrum tækjum	24.7	1,93	0,8
Ófullnægjandi bókasafnsþjónusta	32.5	1,97	1,0
Annað	13	1,43	0,9

1=Alls ekki; 2=Mjög lítið; 3=Að einhverju leyti; 4=Mikið

Skortur á starfsfólki er meiri en skortur á tækjakosti. Yfirleitt telja skólastjórar ekki að skólastarfið líði mikið fyrir skort á ýmsum nauðsynlegum aðföngum eða þjónustu. Hlutfall skólastjóra sem telur að atriðin hindri kennslu í skólanum að einhverju eða miklu leyti er aldrei meira en um 2/5. Mest ber á áhrifum skorts á réttindakennurum, tæknifólki, starfsfólki í stofnþjónustu vegna kennslu. Minni áhrif hafa skortur á tölvun og tækjum.

## Hegðun kennara og nemenda: Hefur hún hamlandi áhrif á námið í skólanum?

Skólastjórar voru beðnir um að meta áhrif af ýmsum neikvæðum þáttum í hegðun nemenda og kennara.

**Tafla 7.21. Hegðun nemenda og kennara: Mat skólastjóra á áhrif neikvæðra þátta á nám í skólanum.**

	<i>Hlutfall sem telur áhrifin nokkur eða mjög mikil</i>	<i>Meðaltal</i>	<i>Staðalfrávik</i>
<b>Hegðun nemenda</b>			
Mæta of seint í skólann	18,0	1,94	0,7
Fjarvistir	14,6	1,89	0,8
Truflun í skólastofu	50,6	2,57	0,7
Svindl	2,2	1,34	0,6
Blótsyrði	16,9	1,96	0,7
Skemmdarverk	8,9	1,69	0,7
Þjófnaður	4,6	1,51	0,7
Kúgun eða svívirðingar gagnvart öðrum nemendum (eða annars konar einelti)	11,2	1,88	0,7
Líkamsmeiðingar á öðrum nemendum	5,6	1,61	0,7
Kúgun eða svívirðingar gagnvart kennurum eða starfsfólki	5,6	1,65	0,7
Notkun/varsla fíkniefni og/eða áfengis	3,4	1,28	0,6
<b>Hegðun kennara</b>			
Mæta of seint	4,5	1,48	0,6
Fjarvistir	19,3	1,92	0,7
Ófullnægjandi undirbúningur kennslu	12,6	1,93	0,6

Truflun í skólastofu hefur nokkur eða mikil hamlandi áhrif í um helmingi skóla. Fjarvistir nemenda eða að þeir komi of seint í tíma hrjáir að sama marki vel innan við fimmtung skóla. Hamlandi áhrif vegna fjarvista kennara hrjá um fimmtung skóla að nokkru eða mjög miklu leyti. Í innan við fimm prósent tilvika er það vandamál, að kennarar mæti of seint.

## Skipting ábyrgðar á einstökum verkefnum í skólanum

Skólastjórar voru beðnir um að tilgreina hverjir bæru “umtalsverða ábyrgð” á tilteknum verkefnum í skólanum.

**Tafla 7.22. Hlutfall skólastjóra sem telur að viðkomandi aðilar beri “umtalsverða ábyrgð”.**

	<i>Skólastjóri</i>	<i>Kennari</i>	<i>Skólanefnd</i>	<i>Skólaskrifstofa eða sveitarfélag</i>	<i>Mennatálmálaráðuneyti</i>
Val á kennurum til starfa	100	1,1	12,4	9	1,1
Brottrekstur kennara	92,0	1,1	21,8	26,4	2,3
Ákvörðun um byrjunarlaun kennara	24,7	1,2	1,2	76,5	8,6
Ákvörðun um launahækkanir kennara	30,4	0	3,8	75,9	5,1
Fjárhagsáætlun skólans	68,2	1,1	15,9	69,3	0
Ákvörðun um úthlutun fjármangs innan skólans	82,0	6,7	3,4	31,5	0
Setja agareglur fyrir nemendur	88,8	83,1	3,4	2,2	4,5
Ákvarða hvernig námsmat skuli fara fram	81,8	89,8	2,3	2,3	11,4
Samþykkt á inntöku nemenda í skólann	91,7	9,5	13,1	26,2	0
Val á námsbókum	52,8	96,6	0	2,2	6,7
Ákvörðun um innihald námsins	56,2	85,4	1,1	5,6	34,8
Ákvörðun um hvaða námskeið eru í boði	89,7	55,2	5,7	40,2	2,3
Ráðstöfun fjármagns til starfsþróunar kennara	84,1	25	17	56,8	2,3

Skólastjórar sjá nánast alfarið um ráðningu og eftir atvikum, brottrekstur kennara. Ákvörðun um byrjunarlaun er að mestu leyti í höndum skólaskrifstofa eða sveitarfélags. Launahækkarnir eru áfram mest í höndum skólaskrifstofa eða sveitarfélags, en skólastjóri kemur þar nokkuð við sögu.

Fjárhagsáætlun skólans er ákvörðuð á svipaðri ábyrgð skólastjóra og skólaskrifstofu/sveitarfélags, en úthlutun fjármagns innan skólans eru svo aftur meira á ábyrgð skólastjórans. Kennarar og skólastjórar deila með sér um það bil jafnri ábyrgð á setningu reglna um agamál í skólanum, og einnig um það hvernig námsmat skuli fara fram. Samþykkt á inntöku nemenda er mest á hendi skólastjóra, og þeir koma einnig að vali á námsbókum og innihaldi náms, þótt sá hluti sé að langmestu leyti í höndum kennara.

Námsframboð er einkum á ábyrgð skólastjóra, í samvinnu við kennara og sveitarstjórnir. E.t.v. tengist aðkoma sveitarfélagsins þar einkum fjárhagslegri hlið málsins, en skólastjóri og skólaskrifstofa/sveitarfélag ráða að mestu fjármagni á starfsþróun kennara.

Yfirlit yfir hvern aðila fyrir sig:

*Skólastjóri* ber í velflestum verkefnum víðtæka ábyrgð og nánast alls staðar umtalsverða ábyrgð varðandi val á kennurum og brottrekstri þeirra. Þeir ákvarða um agareglur, val á nemendum, námsmat, námsframboð, einnig úthlutun fjármagns innan skólans, þ.á m. til starfsþróunar kennara. Minnsta ábyrgð bera þeir í launmálum kennara og í um helmingi tilfella hafa þeir ekki umtalsverða ábyrgð á vali á námsbókum og innihaldi náms.

*Kennarar* hafa umtalsverða ábyrgð, að mati flestra skólastjóra, á innihaldi náms, vali á námsbókum, hvernig námsmat fer fram, og setningu agareglna fyrir nemendur.

*Skólanefnd* hefur í tiltölulega fáum skólum umtalsverða ábyrgð og í engu tilfelli bera hún mesta ábyrgð að mati skólastjóranna. Helst kemur nefndin við sögu varðandi brottrekstur kennara, fjárhagsáætlun, ráðstöfun fjármagns til starfsþróunar kennara, val á kennurum og inntöku nemenda.

*Skólaskrifstofur/Sveitarfélögin* tengjast mest ákvörðunum varðandi fjármál.

*Menntamálaráðuneyti* hefur umtalsverða ábyrgð að mati 1/3 kennara varðandi ákvörðun á innihaldi námsins og um 1/10 hluti skólastjóra nefnir ákvarðanir um hvernig námsmat skuli fara fram.

Viðhorf skólastjóra til ýmissa fullyrðinga um kennslu og nám

Hugmyndir skólastjóra um kennslu og nám voru kannaðar með því að biðja þá um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga.

Tafla 7.23. Viðhorf skólastjóra

	Hlutfall sem er sammála eða mjög sammála	Meðaltal	Staðalfrávik
Skilvirkir/góðir kennarar sýna hvernig á að leysa vandamálin á réttan hátt	91,0	3,36	0,7
Þegar ég tala um “slaka frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er lakari en fyrri árangur	72,1	2,90	0,8
Pap er betra þegar kennarinn – ekki nemendurnir – ákveður hvaða verkefni á að fást við	50,6	2,55	0,7
Hlutverk kennara er að hvetja nemendur í þekkingarleit	100,0	3,73	0,4
Kennarar vita miklu meira en nemendur; þeir eiga ekki að láta nemendur koma með svör sem eru hugsanlega röng þegar þeir sjálfir geta útskýrt svörin beint	11,1	1,72	0,6
Nemendur læra best með því að finna sjálfir lausnir á viðfangsefnum	95,5	3,35	0,5
Kennsla ætti að snúast um viðfangsefni með skýr, ákveðin svör og um hugmyndir sem flestir nemendur ná fljótt tökum á	33,3	2,26	0,6
Það er undir grunnþekkingu nemenda komið hve mikið þeir læra – þess vegna er svo nauðsynlegt að kenna staðreyndir	26,2	2,13	0,6
Nemendur ættu að fá tækifæri til að finna sjálfir lausnir áður en kennarinn sýnir þeim hvernig á að leysa þau	92,1	3,27	0,5
Þegar ég tala um “góða frammistöðu” á ég við frammistöðu sem er betri en fyrri árangur nemandans	75,9	3,06	0,7
Yfirleitt þarf að vera hljóð í skólastofunni til að hægt sé að læra almennilega	33,3	2,28	0,6
Rökhugsun og ályktunarhæfni er mikilvægari en tiltekið efni námskrárinnar	94,2	3,24	0,5

1=mjög ósammála; 2=ósammála;3=sammála;4=mjög sammála

Í fullyrðingum og afstöðu til þeirra má greina eftirfarandi viðhorf.

Gamaldags eða hefðbundnir kennsluhættir virðast fá frekar lága einkunn almennt hjá skólastjórum. Undir þann flokk falla fullyrðingar eins og þær að kennari viti meira en nemendur og þess vegna eigi hann ekki að láta nemendur koma með svör sem séu hugsanlega röng. Þær fjalla um nausyn þess að kenna staðreyndir, að kennsla eigi að snúast um viðfangsefni með skýr, ákveðin svör, að hljóð í kennslustofunni sé nauðsyn.

Nánast allir styðja hins vegar fullyrðingar um að nemendur læri best með því að finna lausnir sjálfir, að þeir fái tækifæri til þess áður en kennari sýnir þeim lausnina. Rökhugsun og ályktunarhæfni, fremur en tiltekið efni námskrár og að hlutverk kennara sé að hvetja nemendur áfram í þekkingarleit.

Um  $\frac{3}{4}$  skólastjóra aðhyllast afstæðishyggju í námsmati, þ.e. að slök eða góð frammistaða miðist fyrst og fremst við þann árnagur sem nemandinn hafði áður sýnt.

### Formleg innsetning kennara og leiðsögn

Skólastjórar voru spurðir að því hvort kennari, sem byrjar að kenna í þessum skóla, sé settur inn í starfið á formlegan hátt. Í um  $\frac{3}{4}$  hlutum skóla eru allir nýir kennarar settir inn í starfið á formlegan hátt (73%). Í 14,6% skóla er það aðeins gert ef kennarar eru að kenna í fyrsta sinn, og í slíkum tilfellum er það nánast alltaf skólinn sem skipuleggur það ferli (97,4% tilfella). Í 12,4% skóla eru nýir kennarar *ekki* settir inn í starfið á formlegan hátt.

Þeir sem svörðu játandi spurningu um formlega innsetningu nýrra kennara við skólann voru beðnir um að svara hvort ákveðið skipulag gilti um starf nýrra kennara með reyndari

kennurum. Skólastjórar í 46,1% skóla sögðu að slíkt skipulag væri við lýði í þeirra skóla fyrir kennara sem voru nýir í skólanum. Í 47,2% skóla gildi þetta aðeins fyrir kennara sem eru að kenna í fyrsta sinn. Í 6,7% tilvika var ekkert ákveðið skipulag um leiðsagnarkennara. Í 62,2% tilvika var aðalnámssvið leiðsagnarkennarans venjulega það sama og nýja kennarans í skólanum.

Skólastjórar töldu í 78,4% tilvika að leiðsögn nýrra kennara til að auðvelda þeim að ná sem bestum árangri í kennslu væri mjög mikilvæg.



## Kafla 8. Samantekt

Á unglíngastígi eru 69% kennara konur og 90% á yngsta- og miðstígi. Tæplega 70% kennara á unglíngastígi segja að kennslugreinin sem þeir kenna hafi verið hluti af kennaranámi þeirra, þ.e. rúm 30% eru að kenna námsgreinar sem ekki voru hluti af námi þeirra. Þetta hlutfall er svipað á yngri stigum skólans. 18,7 nemendur eru að meðaltali í hverjum bekk og í þriðjungi bekkja eru nemendur yfir 20 á unglíngastíginu. Tími sem fer í að halda röð og reglu er 22% hjá yngsta – og miðstígi en 17% á unglíngastígi. Á yngsta- og miðstígi er kennslan einstaklingsmiðaðri, meira tekið tillit til færni nemandans og nemendum oftast skipt í hópa eftir færni. Um 10% grunnskólakennara eru með menntun sem er lægri en háskólagráða. Í samanburði við önnur lönd eru fáir kennarar hér á landi með meistargráðu eða meiri menntun. Eftirtektarvert er að umtalsvert brottfall verður úr kennarastétt eftir eitt ár í starfi. Áhugavert er að skólustjórar virðast skipta sér lítið sem ekkert af kennslu í bekkjum, hvorki aðferðum né innihaldi.

### Starfsþróun

Kennarar taka mikinn þátt í námskeiðum og samstarfi kennara innan og utan skóla. Kennarar verja rúmlega 11 dögum til starfsþróunarverkefna að meðaltali á 18 mánaða tímabili. Um 1/5 tekur ekki þátt í neinu starfsþróunarverkefni. Óformleg skoðanaskipti um kennslu og lestur fræðiritu eru mikið stunduð af kennurum hér á landi. Kennarar telja mesta þörf fyrir starfsþróun á sviði kennslu nemenda með sérþarfir, námsmats og aga- og hegðunarvandamála. Ástæður þess að kennarar tóku ekki þátt í starfsþróunarverkefnum eru m.a. þær að engin þjálfun sem var í boði hentaði þeim og að þjálfunin hefði rekist á vinnutíma þeirra.

Konur taka þátt í fleiri starfsþróunarverkefnum, formlegum og óformlegum og meta áhrif af þeim meiri á hæfni sína við kennslu. Þær verja fleiri dögum til þess og langar til þess að taka þátt í enn fleiri verkefnum í samanburði við karla. Enginn marktækur munur er á því hvernig hliðrað er til, eða stutt fjárhagslega við verkefnin, eftir kyni.

Yngri kennarar og kennarar með styttri starfsaldur hafa frekar tekið þátt í starfsþróunarverkefnum.

Í stuttu máli virðist lítið eitt hagstæðara að vera kennari á yngsta- og miðstígi því þeir virðast fá oftast greitt fyrir þátttöku í starfsþróun, þeir geta oftast stundað hana innan hefðbundins vinnutíma og þurfa sjaldnar að borga sjálfir fyrir hana. Á hinn bóginn kvarta kennarar á yngsta- og miðstígi frekar yfir því að hafa ekki efni á því að sækja sér frekari starfsþróun.

Kennarar á yngsta- og miðstígi telja sig hafa meiri þörf fyrir starfsþróun í samanburði við kennara á unglíngastígi.

Kennarar hér á landi taka meiri þátt í vettvangsferðum í aðra skóla og taka meiri þátt í samstarfi kennara innan skólans og milli skóla, en kennarar annarra landa. Réttindanám og rannsóknaverkefni eru hér minna stunduð en í öðrum löndum TALIS að meðaltali. Færri kennarar á Íslandi taka þátt í starfsþróunarverkefnum en starfsystkin þeirra í öðrum TALIS löndum. Áhugi íslenskra kennara á starfsþróun umfram það sem þeir taka þegar þátt í er með minnsta mótmiðað við þátttökulönd TALIS. Íslenskir kennarar kvarta ekki undan kostnaði við starfsþróunarverkefni, en benda m.a. á að engin þjálfun sem hentaði hafi verið í boði, og að tíminn til þess að stunda slík verkefni stangist á við fjölskylduþarfir.

## Mat og endurgjöf

Mjög lítið utanaðkomandi mat á störfum kennara er til staðar, kennarar reiða sig helst á mat skólastjóra og samkennara, sem þó er einnig frekar stopult. Samband við nemendur og viðbrögð nemenda og foreldra við kennslu skipta mestu máli fyrir útkomu matsins, einnig samskipti innan skólans. Einkunnir og árangur nemenda á prófum skipta minna máli.

Áhrif mats og endurgjafar fyrir kennarann koma helst fram í breyttum verkefnum, en minna í bættum launum. Matið hefur tiltölulega lítil bein áhrif á störf kennarans í kennslustofunni, og mætti miða að því enn frekar, að endurmatið nýttist til þess að bæta ákveðna þætti í skólastarfinu.

Fleiri virðast trúa því að mat og endurgjöf hafi lítil áhrif á kennslu í skólastofunni en að kennurum sé sagt upp vegna viðvarandi vanhæfi í starfi.

Lítill munur er á unglingastigi og yngsta- og miðstigi hvað varðar mat og endurgjöf. Kennarar yngri deilda virðast þó fá endurgjöf frá samkennurum oftar, agi og regla, ásamt stjórnun í kennslustofunni skipta meira máli í mati á störfum þeirra og samband þeirra við foreldra, samstarfsfólk og yfirmenn er mikilvægt. Kennarar á yngsta- og miðstigi eigna mati/endurgjöf meiri áhrif á starfsánægju þeirra sjálfra og trú á eigin getu.

ÖNNUR LÖND: Mat og endurgjöf hafa víðast lítil áhrif, að mati kennara, en hér á landi eru þau áhrif talin með allra minnsta móti.

## Kennsluhættir

Hugmyndum kennara um kennslu og nám má lýsa á þann hátt að kennarar líti svo á, að frumkvæði þekkingarleitar eigi að liggja hjá nemanda, en felist ekki í ítrodslu staðreynda undir algeru forræði kennara. Viðhorf kennara til starfsins voru metin með nokkrum fullyrðingum, og endurspegluðu svör kennara almenna ánægju með starfið. Lang flestir kennarar eru t.d. almennt sáttir við starf sitt og finnst þeir hafa afgerandi áhrif á menntun nemenda sinna, jafnvel hjá erfiðustu nemendunum. Þeim gengur vel að vinna með bekknum og ná sambandi við nemendur. Svör við fullyrðingum eru í langflestum tilvikum jákvæð og innan við 10% yfirleitt gefa til kynna neikvæða mynd. Undantekningin frá þessu er fullyrðing um virðingu kennarastarfsins í sveitarfélaginu, en aðeins tæplega 40% telja að í sveitarfélaginu sé borin virðing fyrir kennurum.

Um 2/3 hlutar kennara telja að skólastjóri setji markmið og sjái til þess að þeim sé fylgt, hrósi þegar við á og veiti upplýsingar um möguleika á starfsþróun kennara. Kennarar telja að skólastjóri hafi fremur lítil afskipti af sjálfri kennslunni, fylgist lítið með henni beint og komi sjaldan með tillögur að bættum kennsluháttum. Skólastjóri setur skóla og kennurum markmið en hefur ekki bein afskipti af kennslu “á gólfinu”.

Hugmyndir kennara á yngsta- og miðstigi eru jafnvel ennþá meira afgerandi í þá átt að frumkvæði þekkingarleitar eigi að liggja hjá nemanda, en felist ekki í ítrodslu staðreynda. Þeir virðast einnig jákvæðari um áhrifamátt sinn í starfi. Kennarar á yngsta- og miðstigi stunda einnig ýmis samráðs- og samvinnuverkefni í meira mæli en kennarar eldri nemenda.

Kennsluaðferðir karla eru meira í anda “Direct transmission” en kvenna. Sem dæmi um þetta má nefna, að karlar aðhyllast frekar fullyrðingar eins og að kennarar eigi ekki að láta

nemendur koma með svör sem eru hugsanlega röng þegar kennarnarnir geta sjálfir útskýrt svörin beint. Konur aftur á móti vilja að nemendur fái tækifæri til þess að finna sjálfir lausn á viðfangsefnum, áður en kennarinn sýnir þeim lausnina. Þetta er meira í anda “Constructivismá”.

Konur taka einnig oftast þátt í ýmsum samvinnuverkefnum innan skólans, skiptast á kennsluefni, fara á samstarfsfundi, taka þátt í faglegum fræðsluverkefnum, ræða námsferil einstakra nemenda o.fl. Konur telja sig einnig hafa meiri áhrif á menntun nemenda sinna, og telja sig geta náð góðum árangri, jafnvel með erfiðustu nemendurnar. Einnig huga þær meira að líðan nemenda og því sem þeim liggur á hjarta.

Karlar aftur á móti segja oftast að skólastjóri hrósi kennurum, að skólastjórinn eigi frumkvæði að því að ræða málin þegar kennari á í vandræmum í kennslustofunni og hærra hlutfall karlkennara segir að skólastjóri eða einhver annar stjórnandi fylgist með kennslu í bekkjum. Karlar virðast því finna betur fyrir eftirliti og stuðningi skólastjóra.

ÖNNUR LÖND: Ísland slær öll met hvað varðar tiltrú á Constructivist hugmyndafræði/hugsmíðahyggju í kennslu. Jafnframt er hugmyndum um Direct transmission/beina yfirfærslu hafnað. Íslenskir kennarar hvetja sem sagt til þess að nemendur finni sjálfir lausnir á viðfangsefnum sínum, en að kennari taki ekki af þeim frumkvæðið og afhendi þeim staðreyndir á færifandi.

Tiltrú íslenskra kennara á eigin getu er með besta móti í þátttökulöndum TALIS og starfsánægja þeirra fremur mikil í samanburði við önnur lönd.

## Nokkrar helstu niðurstöður-helstu áherslupunktur.

### Kaflí 2

- Menntun kennara er minni hér á landi en víðast hvar í þátttökulöndum TALIS.
- Færri eru með meistaragráðu eða meira og fleiri eru með menntun lægri en háskólagráðu. Þó ber að hafa í huga að stúdentspróf er tekið hér á landi að jafnaði einu til tveimur árum síðar en í öðrum þátttökulöndum TALIS.
- Talsvert brottfall er úr kennarastétt eftir fyrsta ár í kennslu.

### Kaflí 3

- Fimmti hver kennari tók ekki þátt í neinu starfsþróunarverkefni undanfarna 18 mánuði. Rúmlega 70% kennara taka þátt í starfsþróunarverkefnum í 10 daga eða minna á sama tímabili.
- Tæpir  $\frac{3}{4}$  hlutar kennara fengu ekki greidda yfirvinnu vegna starfsþróunarverkefna sem þeir tóku þátt í utan hefðbundins vinnutíma.
- Lestur fræðiritra og óformleg skoðanaskipti um hvernig megi bæta kennsluna eru nokkuð algengari hér á landi en í öðrum TALIS löndum.
- Réttindanáms og rannsóknaverkefni eru minna stunduð hér á landi en víða annars staðar í þátttökulöndum.
- Áhugi á frekari starfsþróun er miklu minni á Íslandi en annars staðar í TALIS- löndum.
- Kennara óska eftir meiri starfsþróun á sviði kennslu nemenda með sértækar námsþarfir, námsmats og um aga- og hegðunarvandamál.

- Kvenkennarar stunda meiri starfsþróun en karlar og vilja auk þess fá meira af henni. Þetta gildir um allar tegundir starfsþróunar, nema rekstur og stjórnun skóla.
- Kennarar á yngsta- og miðstigi telja sig hafa frekari þörf fyrir starfþjálfun en kennarar á unglingastigi.

#### Kafli 4

- Kennarar fá að meðaltali mat/endurgjöf frá skólastjóra um einu sinni á ári, frá öðru samastarfsfólki 1-2 skipti á ári – og frá utanaðkomandi stofnun sjaldnar en einu sinni á tveggja ára fresti. Hlutfall kennara á unglingastigi sem aldrei hefur verið metið af skólastjóra eða samkennurum er svipað hér og í öðrum TALIS löndum. Hinsvegar er hlutfall kennara sem aldrei fær mat frá utanaðkomandi aðila mun hærra hér á landi en í flestum öðrum löndum TALIS.
- Einkunnir nemenda skipta litlu máli í mati á störfum kennara. Gott samband við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í skólanum skiptir meira máli. Þekking og skilningur á aðalkennslusviði skiptir einnig minna máli í mati á störfum kennara.
- Mat/endurgjöf hefur lítil áhrif á launakjör kennara, en meiri áhrif á tækifæri til starfsþróunar eða þátttöku í skólaþróunarverkefnum.
- Matið breytir tiltölulega litlu um starfshætti kennarans. Mest eru áhrifin á áætlanir um að bæta kennsluna.
- Rúmlega 80% kennara finnst matið eða endurgjöfin sanngjörn og rúm 70% telja að matið hafi komið að gagni við starfsþróun þeirra sem kennara. Í ljósi þess að mat/endurgjöf eru fremur fátíð, en jafnframt vel tekið af kennurum, mætti auka vægi þessa þáttar í skólastarfi.
- Í ljósi þess að menntun kennara er styttri hér á landi en víðast hvar, mætti íhuga að auka menntun og í ljósi ábendinga kennara í þessari rannsókn um hvar þekkingu er ábótavant, þá þyrfti ekki síst að auka fræðslu á sviði kennslu barna með sértækar námsþarfir, námsmats og agamála í kennslustofunni. Á þeim sviðum finnst kennurum þeir helst standa höllum fæti. Einnig er brýnt að bæta sé úr því, að um 30% kennara segjast nú kenna greinar, sem voru ekki á þeirra kjörsviði í kennaranámi.

#### Kafli 5

- Kennarar hér á landi aðhyllast hugmyndir Constructivism/hugsmíðahyggju um kennslu meira en í nokkru öðru þátttökulandi. Jafnframt hafna þeir hugmyndum um hefðbundna beina kennslu (Direct transmission).
- Kennsluáðferðir karla eru meira í anda hefbundinnar kennslu en áðferðir kvenna.
- Kennarar telja að skólastóri hafi fremur lítil afskipti af kennslunni, fylgist lítið með henni beint og komi sjaldan með tillögur að bættum kennsluháttum. Skólastjóri setur skóla og kennurum markmið, en hefur ekki bein afskipti af kennslu “á gólfinu”.
- Aðeins um 40% kennara telja að borin sé virðing fyrir starfi kennara í sveitarfélaginu sem þeir starfa í.
- Tiltrú kennara á eigin getu er með besta móti á Íslandi í samanburði við önnur þátttökulönd TALIS. Jafnframt er starfsánægja góð hér á landi.
- Trú kennara á eigin getu (self-efficacy) í kennslustofunni mótast af gæðum samskipta þeirra við nemendur, tiltrú þeirra á ákveðinni kennslufræði (hvort heldur sem er Direct transmission eða Constructivism), góðu skipulagi í kennslustundum (Structuring), ástundun nýbreytni í kennsluháttum og faglegrar samvinnu, ásamt trú á því að nemendahópur þeirra sé yfir meðallagi.

#### Kafli 6

- Um 75% af tímanum á unglingastigi fer í eiginlega kennslu og nám, að mati kennara, en um 17% í að halda uppi aga og reglu í kennslustofu. Um 8% fer svo í skráningu viðvistar, dreifingu blaða o.s.frv. Á yngsta- og miðstigi fer lítið eitt meiri tími í að halda aga í bekknum (um 22%) en minni tími í kennslu og nám (69%).

#### Kafli 7

- Skólar eru almennt minni hér á landi en samkvæmt meðaltali TALIS.
- Við inntöku nemenda er einkum stuðst við búsetu þeirra, hér á landi, en einkunnir, meðmæli frá fyrri skóla o.s.frv. skipta sáralitlu máli.
- Tíma skólastjóra er almennt varið að mestu til innri stjórnunar (við starfsmannamál, reglur, skýrslur, fjármál, stundatöflu o.s.frv.) eða 45%. Vinna við námskrá og verkefni tengd kennslu taka 21% tímans, að svara fyrirspurnum frá skólaskrifstofu, sveitarfélagi ríki eða embættismönnum menntakerfisins taka um 11% tímans, auk þess að mæta sem fulltrúi skólans á fundi annars staðar, en það tekur önnur 11% tímans. Ýmis önnur verk taka svo um 11% tímans líka.
- Mat á skólastarfi hefur, að mati skólastjóra, helst áhrif á viðbrögð við frammistöðu skólans, mat á frammistöðu skólastjórnenda og á frammistöðu einstakra kennara. Matið hefur mjög lítil áhrif á fjárhag skólans.

#### Lokaorð

Það ber að leggja áherslu á að haft sé í huga þegar allar framangreindar niðurstöður eru skoðaðar, að hér er um að ræða huglægt mat kennara og skólastjórnenda. Ýmislegt bendir til þess að margir kennarar hagi sér í kennslustofunni kannski ekki alveg í samræmi við viðhorf sín t.d. til kennsluhátta, að þeir sem trúa á hugsmíðahyggjuna í kennslunálgun sinni, beiti jafnframt hugsanlega öðrum aðferðum. En úr þessu verður auðvitað ekki skorið nema með frekari rannsóknum og beinum athugun á því sem gerist í kennslunni sjálfri.

TALIS rannsóknin er hugsuð sem fyrsta skrefið við að afla upplýsinga um kennara og skólastjórnendur og hefur OECD í hyggju að endurtaka hana eftir einhver ár, þó ekki liggi fyrir ákvörðun um slíkt núna. Slík endurtekning er þó mikilvæg til þess að ganga úr skugga um hvaða breytingar hafa orðið og hvort þau atriði í þessum niðurstöðum sem vekja athygli og hugsanlega leiða til breytinga, hafa í raun og veru breyst. Yfirstandandi efnahagskreppa hefur eflaust áhrif á kennara og skólastjórnendur eins og alla aðra og ber að hafa í huga að þær niðurstöður sem hér birtast endurspeglar viðhorf og skoðanir manna áður en samfélagið varð fyrir kreppunni. Búast má við breytingum hennar vegna sem ættu að sjást vel þegar og ef rannsóknin verður endurtekin.

Fyrirhugað er að halda áfram úrvinnslu þessara gagna og kanna betur t.d. samband ýmissa breyta innbyrðis, nokkuð sem ekki hefur enn unnist ráðrúm til þess að framkvæma. Einnig gæti verið mikilvægt að skoða í framtíðinni tengsl þeirra viðhorfa og skoðana sem hér hefur verið fjallað um, við frammistöðu nemenda og skóla á öðrum mælingum svo sem samræmdum prófum eða alþjóðlegum könnunum. Þó liggur ekki fyrir ákvörðun um slíka vinnu.

